# Skólanámskrá Ártúnsskóla

## Formáli

Ártúnsskóli er samrekinn grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili, þar sem áhersla er lögð á að allir fái að njóta sín í leik og starfi. Skólastarfið byggir á einkunnarorðum skólans; Árangur - Virðing – Vellíðan. Stefnt er að framúrskarandi árangri, virðing borin fyrir fólki og umhverfi og vellíðan einstaklingsins í fyrirrúmi. Í skólanum er unnið samkvæmt stefnu fræðsluyfirvalda um skóla án aðgreiningar og fjölbreytileikanum fagnað. Allt nám í skólanum byggir á styrkleikum einstaklingsins og námsumhverfið mótað á þann hátt að það mæti einstaklingnum þar sem hann er staddur og hvetji hann til frekari þroska. Skólanámskrá skólans er byggð upp með fyrrgreinda þætti í huga og skiptist í yngra og eldra stig innan hverrar námsgreinar. Á yngra stigi er unnið út frá hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar og á eldra stigi er unnið út frá hæfniviðmiðum við lok 7. bekkjar.

# Efnisyfirlit

Formáli ........ 1
Efnisyfirlit ........ 2
Inngangur ........ 4
Grunnþættir menntunar ........ 5
Læsi ........ 6
Sjálfbærni ........ 7
Heilbrigði og velferð ........ 9
Lýðræði og mannréttindi ........ 11
Jafnrétti ........ 12
Sköpun ........ 14
Lykilhæfni ........ 15
Lykilhæfni í 1. til 4. bekk ........ 15
Lykilhæfni í 5. til 7. bekk ........ 17
Námsmat ........ 20
Hæfniviðmið ........ 20
Lykilhæfni ........ 20
Skólabragur ........ 21
Námssvið og námsgreinar ........ 21
Íslenska ........ 22
Talað mál og hlustun ........ 22
Lestur og bókmenntir ........ 27

Ritun ........ 33
Málfræði ........ 38
Íslenska sem annað tungumál og táknmál ........ 43
Erlend tungumál ........ 43
List- og verkgreinar ........ 54
Listgreinar ........ 57
Dans ........ 57
Leiklist ........ 59
Sjónlistir ........ 63
Tónmennt ........ 68
Verkgreinar ........ 72
Heimilisfræði ........ 72
Hönnun og smíði ........ 76
Textílmennt ........ 80
Náttúrugreinar ........ 83
Hæfniviðmið um verklag ........ 84
Hæfniviðmið um viðfangsefni ........ 87
Hæfniviðmið um verklag ........ 89
Hæfniviðmið um viðfangsefni ........ 92
Skólaíþróttir ........ 97
Samfélagsgreinar ........ 103
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann ........ 104

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum ....110
Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra ....113
Stærðfræði ....117
Að geta spurt og svarað með stærðfræði ....118
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar ....121
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar ....123
Tölur og reikningur ....126
Algebra ....131
Rúmfræði og mælingar ....133
Tölfræði og líkindi ....136
Upplýsinga- og tæknimennt ....141
Samþætting námsgreina – hringekjur ....147

# Inngangur

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er bundin við stund og stað og jafnvel einstaklingsbundin. Á 21. öld er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og þörfum einstaklinganna. Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Almenna menntun öðlast fólk víðar en í skólakerfinu. Skólakerfið er þó mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá meginsviðum þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags. Stefnt er að almennri menntun í heildstæðu skólastarfi og námi á námssviðum, í námsgreinum og námsáföngum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefnir að.

Skólanámskrá þessi er hugsuð sem vinnugagn fyrir kennara, sem er lifandi plagg og sífellt í endurskoðun. Auk þess er henni ætlað að vera upplýsandi fyrir foreldra, um allt nám í skólanum.

Skólanámskrá Ártúnsskóla er byggð upp með flæði og sveigjanleika milli árganga þar sem stefnt er að lokahæfniviðmiðum á yngra og eldra stigi innan hverrar námsgreinar. Á yngra stigi er unnið út frá hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar og á eldra stigi er unnið út frá hæfniviðmiðum við lok 7. bekkjar. Hver árgangur eða bekkur vinnur eftir getu, þekkingu og leikni hvers hóps eða nemanda fyrir sig, með það að markmiði að ná lokahæfniviðmiðum þess stigs sem unnið er á. Markmið skólans er að ná hámarks árangri á öllum sviðum skólastarfsins.

## Grunnþættir menntunar

Skólanámskrá skólans byggir á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðandi í öllu skólastarfinu. Þeir eru sýnilegir í starfsháttum skólans, kennsluháttum, samskiptum og skólabrag. Skólinn stefnir ávallt að hámarksárangri og hefur grunnþættina að leiðarljósi í öllu starfi sínu.

Grunnþættirnir eru; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþáttunum er ætlað að leggja grunn að almennri menntun nemenda og stuðla að heildstæðri samfellu í námi þeirra. Hlutverk grunnþáttanna er að gera nemendur læsa á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru; kenna þeim að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeim er einnig ætlað að byggja upp heildstæða og sjálfstæða einstaklinga með skýra framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif á samfélag sitt og taka virkan þátt í því.

Starf skólans er skipulagt á faglegan og víðsýnan hátt út frá markmiðum grunnþáttanna, m.a. með hópvinnu, hringekjum, samkennslu árganga, samþættingu námsgreina, samfaglegum vinnubrögðum, lausnarleitarnámi, þemum þvert á skólastarfið, hefðum í skólastarfi, nýstárlegri nálgun í skólastarfi og kennsluháttum svo sem útikennslu. Í skólanum hafa ýmsar hefðir skapast og má þar nefna: Föstudagssamveru, Jól í skóla, Ömmu– og afadag, Fullveldisdag, Vorhátíð, Íþróttadag, Skólabúðaferð, Bangsadag, Þrautabraut/Rathlaup, Menningarvöku og þverfagleg sameiginleg þemu.

## Læsi

Menntagildi: Skólinn leggur áherslu á að gera alla nemendur læsa á rit og prentmiðla. Bæði að geta fært hugsun sína í letur og að geta tileinkað sér tölvu- og nettækni til samskipta, efnisöflunar og efnissköpunar.

Markmið: að gera nemendur læsa á ritað mál í ritum og miðlum, læsa á stafræna miðla, á umhverfi sitt og samskipti.

Helstu þættir í læsi: Lestrarfærni, lestrartækni, skriftar- og ritunarfærni, stafrænt læsi, miðlamennt, miðlalæsi og stafræn samskipti

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Lestrarfærni/lestrartækni | Lestrarstefna skólans<br>Lestrarþjálfun<br>Lestrarsprettir<br>Lestrarátök<br>Lestrarstundir<br>Yndislestur<br>PALS-lestraraðferð<br>Upplestrarkeppni<br>Lesskilningsverkefni | Hugtakaskilningur<br>Orðaforði<br>Myndlæsi<br>Stafrænt læsi<br>Merkingarbær skólaverkefni<br>Verkþrep: aðföng, sköpun, miðlun<br>Víðlæsi/samskiptafærni |
| Skriftarfærni/Ritunarfærni | Skriftarþjálfun<br>Skriftaræfingar<br>Ritunarþjálfun<br>10 leiðir að betri skrifum ABCD<br>Ritsmíðar | Fingrasetningaræfingar<br>Merkingarbær skólaverkefni<br>Ritþjálfun<br>Samvinnuskrif<br>Hugarkort<br>Verkþrep: aðföng, sköpun, miðlun<br>Víðlæsi/samskiptafærni |

| | | |
|---|---|---|
| Stafrænt læsi/prentmál/ myndmál | Upplýsingamennt<br>Tölvuvinnsla<br>Skjávarpar | Átaksverkefni<br>Fartölvur<br>Spjaldtölvur<br>Miðlamenntun<br>Hugarkort<br>Hringekjur<br>Merkingarbær skólaverkefni<br>Verkþrep: aðföng, sköpun, miðlun<br>Víðlæsi/samskiptafærni |
| Miðlamennt/miðlalæsi/stafræn samskipti | Þjálfun í notkun tölva<br>Efnisöflun af neti<br>Heimildanotkun | Átak um stafræn samskipti<br>Netpóstsamskipti<br>Samskiptasíður<br>Átak um miðlalæsi<br>Verkkunnátta í tölvum<br>Hringekjur<br>Merkingarbær skólaverkefni<br>Verkþrep: aðföng, sköpun, miðlun<br>Víðlæsi/samskiptafærni |

## Sjálfbærni

Menntagildi: Skólastarfið byggir á grænfánastefnu skólans,  er því leitast við að efla umhverfisvitund nemenda og sjálfbærnimenntun þeirra. Viðfangsefnin taka mið af samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahagsþátta í þróun samfélags, með það leiðarljós að „margt smátt gerir eitt stórt“.

Markmið: að gera nemendur ábyrga gagnvart náttúru, auðlindum og vistsporum, og stuðla að sjálfbærri þróun og hófsemi.

Helstu þættir í sjálfbærni: Borgaravitund, jöfnun innan og milli kynslóða,  lýðræði, fjölbreytt mannlíf og menning, virðing, lífgildi, framtíðarsýn, sjálfbærni og sjálfbær þróun, vistfræði og umgegni við umhverfið.

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Lýðræði/borgaravitund/mannlíf | Grænfánaskóli<br>Lýðræðisleg vinnubrögð<br>Nærumhverfi | Borgaravitund<br>Virkur borgari<br>Jöfnun innan og milli kynslóða |

| | | |
|---|---|---|
| | Nemendafélag-FUÁ<br>Hópavinna<br>Skólavinir<br>Vinabekkir<br>Skólapeysur<br>Menningavaka<br>Föstudagssamvera<br>Umræður og úrvinnsla álitamála<br>Umræður og úrvinnsla ágreinings<br>Umræður og úrvinnsla sundrungar<br>Gönguferðir bekkja<br>Vettvangsferðir | Fjölbreytileiki mannlífs<br>Fjölbreytileiki menningar<br>Fátækt<br>Jafnræði jarðarbúa<br>Hringekjur<br>Verðmætamat<br>Virðing fyrir verðmætum |
| Lífsgildi/virðing/framtíðarsýn | Grænfánaskóli<br>Virðing gagnvart öðrum<br>Umhverfismennt<br>Hópavinna<br>Skólabragur<br>Samvera<br>Lífsleikniþemu<br>Vinarbekkir<br>Skólapeysur<br>Skólavinir<br>Menningarvaka til styrktar góðgerðarmálefnum<br>Næðisstund<br>Útikennsla<br>Útinám<br>Íþróttir og sund<br>Hreyfing á íþróttadögum | Fjölmenning<br>Hófsemi<br>Nýtni<br>Samþætting námsgreina<br>Fastir tímar í lífsleikni<br>Markviss vinna með lífsleikni námsefni<br>Þemavinna<br>Hringekjur<br>Neytendafræðsla |
| Sjálfbærni/sjálfbær þróun | Grænfánaskóli<br>Grenndarskógur<br>Nýtni á hráefni úr Grenndarskógi<br>Umhverfismennt<br>List- og verkgreinavinna<br>Lífsleikniþemu<br>Átaksverkefni | Þemavinna<br>Hringrás náttúru<br>Lögmál náttúru<br>Hringekjur<br>Vistspor<br>Náttúrulæsi<br>Efnahagsleg sjálfbærni |

| | | |
|---|---|---|
| | Útikennsla<br>Endurvinnsla | |
| Vistfræði/umhverfi | Grænfánaskóli<br>Grenndarskógur<br>Útikennsla<br>Grænfánavinna<br>Endurvinnsla<br>Umhverfisnefnd<br>Átak um umhverfi | Þemavinna<br>Átak um vistfræði<br>Hringrás náttúru<br>Lögmál náttúru<br>Hringekjur<br>Náttúrulæsi<br>Ræktun |

## Heilbrigði og velferð

Menntagildi:  Í öllu skólastarfinu er leitast við að efla almenna heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda frá ýmsum hliðum.

Markmið: að leggja grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð nemenda til lífstíðar.

Helstu þættir: Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, seigla, hreinlæti, kynheilbrigði, skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Heilsa/hreyfing/hvíld | Heilsueflandi skóli<br>Grenndarskógur<br>Nærumhverfi<br>Íþróttadagar<br>Útikennsla<br>Útinám<br>Íþróttir og sund<br>Hreyfing á íþróttadögum<br>Snyrtilegt, hreint og hlýlegt skólahúsnæði<br>Gönguferðir bekkja<br>Vettvangsferðir | Hringekjur<br>Foreldrasamvinna<br>Nærsamfélagið<br>Samþætting námsgreina<br>Nemendavæn skólalóð með tilliti til hreyfingar<br>Skólalóð sem ýtir undir áræði<br>Græn skólalóð |

| | | |
|---|---|---|
| | Næðisstund<br>Núvitund<br>Kyrrðarstund á sal<br>Slökun<br>Nudd<br>Átaksverkefni - lífsleikni<br>Hreyfistund bekkja<br>Hreyfistund - stuðningur<br>Frímínútur<br>Göngum í skólann<br>Skipulagðir leikir í frímínútum | |
| Næring/hreinlæti | Hreinlæti<br>Heimilisfræði<br>Matarræði<br>Hollt nesti<br>Handþvottur<br>Nestisstund | Snyrtilegt umhverfi<br>Hófsemi<br>Nýtni<br>Fræðsla um heilsusamlegt fæði |
| Lífsleikni/samskipti/kynheilbrigði | Lífsleikniþemu<br>Átaksverkefni<br>Skólavinir<br>Vinabekkir<br>Skólabragur<br>Menningavaka<br>Föstudagssamvera | Samþætting námsgreina<br>Fastir tímar í lífsleikni<br>Markviss vinna með lífsleikni námsefni<br>Hringekjur<br>Hlúa að virkni<br>Hlúa að samvinnu<br>Lærdómssamfélag í sífelldri þróun |
| Sjálfsmynd/vellíðan/öryggi/ tilfinningar/seigla | Skólabragur<br>Fámennur, persónulegur skóli<br>Góð staðsetning skóla<br>Samvera<br>Lífsleikniþemu<br>Vinarbekkir<br>Þrautseigja<br>Seigla<br>Geðrækt<br>Geðorðin 10<br>Átak um núvitund | Þemavinna<br>Átak um sjálfsmynd<br>Átak um tilfinningar<br>Umhverfisfræðsla<br>Nemendavæn skólalóð<br>Góð hljóðvist, loftræsting og lýsing |

| | | |
|---|---|---|
| | Átak um vellíðan<br>Átak um þrautseigju<br>Átak um öryggi á bílastæði<br>Umgegni einkennist af virðingu<br>Menningarvaka til styrktar góðgerðarmálefnum<br>Sköpun | |

## Lýðræði og mannréttindi

Menntagildi: Allt skólastarfið miðast út frá því að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leggur áherslu á að nemendur læri um lýðræði með því að taka þátt í virku lýðræði. Borin er virðing fyrir manngildi hvers og eins, og gengið út frá áhuga og ábyrgð nemenda á eigin námi.

Markmið: að byggja upp heilsteypta einstaklinga sem bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi. Auk þess að byggja upp lýðræðislegan skóla sem skapar samábyrgt og sjálfbært samfélag til framtíðar.

Helstu þættir: Lýðræði og samfélag, mannréttindi, samábyrgð og umhyggja, gildismat og siðferði.

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Lýðræði/lýðræðisréttindi/grunngildi samfélags/samfélag/nærsamfélag | Nemendafélag-FUÁ<br>Umsjónarmenn<br>Vinabekkir<br>Samstarf við leikskóla<br>Grenndarskógur<br>Nærumhverfi<br>Útikennsla<br>Útinám<br>Gönguferðir bekkja<br>Vettvangsferðir<br>Átaksverkefni<br>Bekkjarfundir<br>Hreyfistund<br>Frímínútur<br>Skipulagðir leikir í frímínútum | Fjölmiðlafræðsla<br>Gagnrýni<br>Hringekjur<br>Jafningjamat<br>Þrjár stjörnur og ein ósk<br>Hugmyndir frá nemendum<br>Val nemenda<br>Áhugasvið nemenda<br>Samræður<br>Kappræður<br>Rökræður<br>Fjölbreyttar kennsluaðferðir |

| | | |
|---|---|---|
| Mannréttindi/ meðvitund og virkni í skólastarfi | Föstudagssamvera<br>Nemendafélag-FUÁ<br>Lestrarstund á leikskóla<br>Umsagnarbækur<br>Skólabragur<br>Tússtöflur<br>Nafnaspaðar | Barnasáttmáli SÞ<br>Bekkjarfundir<br>Kappræður<br>Hringekjur<br>Fjölbreyttar kennsluaðferðir |
| Samábyrgð/umhyggja og virðing fyrir fólki, dýrum og umhverfi | Lífsleikniþemu<br>Átaksverkefni<br>Skólavinir<br>Vinabekkir<br>Umhverfisnefnd skólans<br>Menningavaka<br>Umsjónarmenn<br>Aðstoðarmenn á matsal<br>Aðstoðarmenn á skólasafni<br>Náttúrufræði | Samþætting námsgreina<br>Hófsemi<br>Nýtni<br>Hringekjur |
| Viðhorf/gildismat/siðferði | Skólabragur<br>Samvera<br>Lífsleikniþemu<br>Átak um þrautseigju<br>Menningarvaka til styrktar góðgerðarmálefnum | Þemavinna<br>Trúarbragðafræði<br>Átak um sjálfsmynd<br>Átak um siðferði<br>Átak um gildismat<br>Hringekjur |

## Jafnrétti

Menntagildi: Í skólastarfinu er gengið út frá að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Sköpuð eru tækifæri fyrir alla nemendur til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og læra að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Auk þess að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Markmið: að fræða nemendur um jafnrétti í víðum skilningi óháð kyni, fötlun, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, ætterni, þjóðerni, menningu, stétt, tungumáli, trúarbrögðum, búsetu og aldri.

Helstu þættir: Jafnréttismenntun, fjölmenning, menning, kyn, kynhneigð og kynjafræði, trúarbrögð og lífsskoðanir.

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Jafnréttismenntun/aldursskeið | Samstarf við leikskóla<br>Blönduð skipting hópa<br>Skóli margbreytileikans<br>Jafnrétti þvert á skólastarfið<br>Jafnréttisáætlun skólans<br>Nemendafélag-FUÁ | Samstarf við eldriborgara<br>Átaksverkefni<br>Samþætting námsgreina<br>Fjölbreyttar kennsluaðferðir<br>Hringekjur<br>Markviss vinna með lífsleikni námsefni<br>Kynjajafnrétti<br>Markviss jafnréttiskennsla<br>Stétt og búseta<br>Jafnréttisfræðsla |
| Menning/Fjölmenning | Menningavaka<br>Föstudagssamvera<br>Vettvangsferðir | Átaksverkefni<br>Átak um fjölmenningu<br>Samþætting námsgreina<br>Kynbundin orðræða<br>Tungumálakennsla<br>Gagnrýnin hugsun um dægurmenningu<br>Hringekjur |
| Kynjafræði/kyn/kynhneigð | Lífsleikniþemu<br>Blönduð skipting hópa<br>Átaksverkefni<br>Skólavinir<br>Vinabekkir | Átaksverkefni<br>Fastir tímar í lífsleikni<br>Markviss vinna með lífsleikni námsefni<br>Kynjajöfnuð skólalóð |
| Trúarbrögð/lífsskoðanir | Skólabragur<br>Trúarbragðafræðsla<br>Umburðarlyndi<br>Kyrrðarstund á sal<br>Næðisstund | Þemavinna<br>Átak um lífsskoðanir |

## Sköpun

Menntagildi: Skólastarfið ýtir undir sköpunargleði nemenda og gagnrýna hugsun þannig að nemendur eigi auðveldara að skynja merkingu viðfangsefna og gildi þeirra. Sköpunin stuðlar að persónulegu námi, frumleika, ígrundun og frumkvæði hjá nemendum. Sköpun er grunnþáttur mennskunnar og kjarninn í hönnun, nýsköpun, listum og menningu.

Markmið: að auka sköpunargleði, frumkvæði, frumleika og gagnrýna hugsun nemenda.

Helstu þættir: Ígrundun, gagnrýnin hugsun, frumkvæði, frumleiki, forvitni, sköpunargleði, ímyndunarafl, leikir, áskorun, spenna og leit

| Viðfangsefni | Styrkleikar/Leiðir | Sóknarfæri |
|---|---|---|
| Ígrundun/gagnrýnin hugsun | Sjálfsmat<br>Jafningjamat<br>Átaksverkefni<br>Hönnun<br>Tónsmíðar<br>Ritsmíðar | Lausnarleitarnám<br>Ígrundun málefna<br>Opin viðfangsefni<br>Svigrúm við lausn verkefna |
| Frumkvæði/frumleiki/forvitni | Samvera<br>Hönnun<br>Tónsmíðar<br>Ritsmíðar | Áskoranir<br>Lausnarleitarnám<br>Hringekjur<br>Ýta undir sjálfstæði nemenda |
| Sköpunargleði/ímyndunarafl | Föstudagssamvera<br>Menningavaka<br>Jólaleikrit<br>Skógartengt útinám<br>Efniviður<br>Umhverfi<br>Sandleikur – sögugerð<br>Hönnun<br>Tónsmíðar<br>Ritsmíðar | Samþætting námsgreina<br>Uppgötvunarnám<br>Samþætting<br>Skapandi verkefni<br>Áhersla á sköpunarferlið<br>Sýnileg verk nemenda á veggjum<br>Hringekjur<br>Sköpun þvert á skólastarfið<br>Nýsköpun<br>Listir |
| Leikur/áskorun/spenna/leit | Lausnarleitarnám<br>Íþróttir<br>Samvera<br>Frímínútur | Uppgötvunarnám<br>Hringekjur<br>Þrautalausnanám |

| | | |
|---|---|---|
| | Skipulagðir leikir í frímínútum<br>Íþróttadagar<br>Útikennsla<br>Útinám<br>Íþróttir og sund<br>Hreyfing á íþróttadögum<br>Gönguferðir bekkja<br>Vettvangsferðir | |

# Lykilhæfni

## Lykilhæfni í 1. til 4. bekk

| **Lykilþáttur** | **1. bekkur** | **2. bekkur** | **3. bekkur** | ***4. bekkur AÐALNÁMSKRÁ*** |
|---|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð sig fyrir framan hóp*<br><br>*hlustað í hóp án þess að grípa fram í.*<br><br>*hlustað og farið eftir fyrirmælum*<br><br>*tekið þátt í umræðum í „krók“* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir sínar fyrir framan lítinn hóp*<br><br>*hlusta á samræður af tillitssemi og tekið tillit til skoðana annarra*<br><br>*tekið virkan þátt í umræðum hverju sinni* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir sínar og skoðanir sínar fyrir framan hóp með skýrum hætti*<br><br>*hlusta á samræður af tillitssemi og hlusta á rök annarra*<br><br>*tekið virkan þátt í umræðum hverju sinni af athygli* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt*<br><br>*hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum*<br><br>*lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | sagt frá hugsunum sínu, skoðunum og tilfinningum í hóp á einfaldan hátt | sagt frá hugsunum sínum, skoðunum og tilfinningum í hóp á einfaldan hátt og þekkingu á skipulagðan hátt | orðaforða sem tengist umfjöllunar-efninu hverju sinni<br><br>gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*sett sér einföld markmið og unnið að þeim*<br><br>*farið eftir fyrirmælum*<br><br>*unnið eftir einföldum verklýsingum*<br><br>*metið eigin verk og athafnir út frá viðmiðum.*<br><br>*gert sér grein fyrir því hvað eru staðreyndir* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir einföldum verklýsingum*<br><br>*geti skilið og lagt mat á eigin verk og þekki hugtakið árangur*<br><br>*gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt leið og lausn að verkefnum og að það er í lagi að gera mistök*<br><br>*skilið að staðreynd og skoðun er ekki það sama*<br><br>*skoðað viðfangsefni frá fleiri en einni hlið á skapandi hátt* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið sjálfstætt eftir verklýsingu við úrlausn verkefna*<br><br>*geti skilgreint og metið eigin verk og lært af mistökum og skilji hugtakið árangur*<br><br>*gert sér grein fyrir að oft eru fleiri en ein rétt leið að lausn og að læra má af mistökum*<br><br>*viti að staðreynd og skoðun er ekki það sama*<br><br>*skoðað viðfangsefni frá fleiri en einni hlið á skapandi hátt með leiðsögn* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna*<br><br>*tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur*<br><br>*gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt*<br><br>*greint milli staðreynda og skoðana*<br><br>*endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt* |
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir einföldum fyrirmælum*<br><br>*unnið með öðrum í litlum hóp*<br><br>*tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir fyrirmælum með leiðsögn og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum*<br><br>*þekkt helstu styrkleika sína* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum*<br><br>*gert sér grein fyrir helstu styrkleikum sínum* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*<br><br>*gert sér grein fyrir styrkleikum sínum* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | *gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir*<br><br>*tekið leiðsögn* | *unnið með öðrum í stórum og litlum hópum*<br><br>*sé jákvæður þátttakandi í skólasamfélaginu*<br><br>*nýtt sér leiðsögn* | *unnið með öðrum að skipulögðum námsverkefnum*<br><br>*geti tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu*<br><br>*nýtt sér leiðsögn á jákvæðan hátt* | *unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla*<br><br>*tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu*<br><br>*tekið leiðsögn á jákvæðan hátt* |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi*<br><br>*nýtt sér fjölbreytta miðla til upplýsingar s.s. tölvur, bækur, munnlegt.*<br><br>*þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*leitað einfaldra upplýsinga*<br><br>*nýtt sér upplýsingar með stuðningi*<br><br>*þekkt grunnreglur um netnotkun* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*leitað upplýsinga í ólíkum miðlum með leiðsögn*<br><br>*nýtt sér upplýsingar í eigin verk*<br><br>*skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum*<br><br>*notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis*<br><br>*sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar* |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu*<br><br>*skilið hvað námsmarkmið eru*<br><br>*stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*áttað sig á styrkleikum sínum og að alltaf má gera betur í námi*<br><br>*sett sér stutt og létt markmið í afmörkuðum fögum með aðstoð*<br><br>*tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*áttað sig á styrkleikum sínum og hvar hægt er að gera betur í námi*<br><br>*sett sér stutt og létt markmið í afmörkuðum fögum með aðstoð*<br><br>*tekið þátt í að skipuleggja eigið nám* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi*<br><br>*sett sér markmið í námi með aðstoð*<br><br>*tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár* |

## Lykilhæfni í 5. til 7. bekk

| Lykilþáttur | 5. bekkur | 6. bekkur | *7. bekkur AÐALNÁMSKRÁ* |
|---|---|---|---|

| | | | |
|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt*<br>*hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum*<br>*tjáð sig á þann hátt sem við á og notað þann orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni*<br>*gert grein fyrir hugsunum mínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum*<br>*hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu*<br>*tjáð sig og lagað efni að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök.*<br>*gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, hugsunum og tilfinningum á þann þátt sem við á hverju sinni* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir á skipulegan hátt með ýmsum miðlum*<br>*hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða*<br>*tekið mið af og lagað framsetningu sína að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni*<br>*gert vel grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni* |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna með leiðsögn*<br>*tekið þátt í að skilgreina viðmið um eigin árangur*<br>*gert sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum*<br>*greint milli staðreynda og skoðana*<br>*skoðað viðfangsefni frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*skipulagt sjálfstætt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna*<br>*skilgreint viðmið um eigin árangur*<br>*lært af mistökum og nýtt sér á skapandi hátt óvæntar niðurstöður*<br>*áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana*<br>*greint og kynnt hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistök og úrlausn verkefna*<br>*skilgreint viðmið um árangur*<br>*lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við lausn verkefna*<br>*áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum*<br>*vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt* |
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*<br>*gert sér grein fyrir styrkleikum mínum* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla*<br>*gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi*<br>*tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélaginu*<br>*tekið leiðsögn á jákvæðan hátt* | *gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi og byggt upp jákvæða sjálfsmynd*<br>*unnið með öðrum á jákvæðan hátt að skipulögðum verkefnum sem tengjast nám og félagsstarfi innan skóla*<br>*gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og verið virkur félagslega*<br>*haft áhrif á skólasamfélag sitt með virkri þátttöku í leik og starfi*<br>*tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt* | *gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði af efla og byggja upp sjálfsmynd sína*<br>*unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla*<br>*gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum*<br>*hafi á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi*<br>*tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt* |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum*<br>*notað miðla við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis nokkuð sjálfstætt*<br>*sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*notað fleiri en eina upplýsingaveitu við upplýsingaöflun og borið saman*<br>*notað margvíslega miðla við öflun gagna til stuðnings við nám*<br>*sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga, hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu, og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun gagna og til stuðnings við nám*<br>*notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda*<br>*sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð* |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvað hann getur gert betur í námi*<br>*sett sér markmið í námi með leiðsögn*<br>*tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér þá í námi*<br>*sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim að mestu leyti*<br>*skipulagt með leiðsögn eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár* | **Við lok skólaárs getur nemandi:**<br><br>*gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér þá í námi*<br>*sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim*<br>*skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár* |

## Námsmat

Námsmati er ætlað að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geta náð markmiðum þess. Tilgangur námsmats er að fylgjast með framförum nemenda og til að meta hvort nemandi hafi náð almennum hæfniviðmiðum og lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár ásamt því að vera námshvetjandi.

## Hæfniviðmið

Námsmatshluti fyrir almenn hæfniviðmið er í vinnslu. En almennt er unnið út frá hæfniviðmiðum inn í Mentor.

## Lykilhæfni

Matskvarði skólans fyrir lykilhæfniviðmið er að finna á sameign skólans í möppu „Lykilhæfniviðmið – námsmat“. Lykilhæfniviðmiðin eru metin eftir hverjum árgangi fyrir sig út frá nýjum matskvarða aðalnámskrár.

**Matskvarði** er skilgreindur sem: **A**, **B+**, **B**, **C+**, **C** og **D**.

- Matsviðmið fyrir **B** eru með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni
- Einkunnina **A** fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni
- **C** fá þeir sem standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í B einkunnar viðmiðum
- **D** einkunn lýsir hæfni í námi sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C einkunn og er þá unnið út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun
- **B+** og **C+** lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum þess bókstafar sem stendur þar fyrir neðan

## Skólabragur

Einkunnarorð Ártúnsskóla; **ÁRANGUR – VIRÐING – VELLÍÐAN** eru leiðarljós í öllu starfi skólans. Lögð er áhersla á fagmennsku og kröfur gerðar til starfsfólks og nemenda að allir leggi sig fram um að ná **árangri** í því sem fengist er við hverju sinni. Hlúð er að hverjum einstaklingi og skapaðar aðstæður fyrir hvern og einn að ná markmiðum sínum.

Ártúnsskóli er Heilsueflandi skóli og Grænfánaskóli. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á heilsueflingu og umhverfismennt sem hefur áhrif á allt starf skólans. Löng hefð er fyrir kennslu í lífsleikni, ár hvert er unnið með tvö þemu þvert á skólastarfið. Samvinna ólíkra hópa stuðlar að samkennd og **virðingu** innan skólasamfélagsins sem eykur starfsánægju og gleði. Lögð er áhersla á sjálfsvirðingu sem leiðir af sér virðingu fyrir öðru fólki og umhverfi.

**Vellíðan** er forsenda þess að raunverulegt nám eigi sér stað. Í Ártúnsskóla er lögð áhersla á vinsamleg og jákvæð samskipti. Skólavinir úr 7. bekk aðstoða yngstu nemendur skólans í frímínútum og á uppbrotsdögum leiða eldri nemendur þá yngri á milli svæða. Í hringekjum er árgöngum blandað saman og einnig stuðla vinabekkir að auknum kynnum milli árganga. Náms- og spjallfélagar innan bekkja styrkja tengsl barnanna í hverjum árgangi og skólapeysur styrkja liðsheildina. Alla föstudaga hittast nemendur og starfsfólk á sal, syngja saman, fræðast og nemendur setja upp skemmtidagskrár, sýna afrakstur vinnu sinnar og veittar eru viðurkenningar.

Í skólanum er unnið á lýðræðislegan hátt og má nefna að haldnir eru bekkjafundir þar sem nemendur þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum. Allir árgangar eiga fulltrúa í stjórn nemendafélags og umhverfisnefnd skólans og hafa þannig tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans og taka, í samvinnu við starfsfólk, ábyrgð á ýmsum verkefnum. Nemendur í 5. og 6. bekk hafa það ábyrgðarhlutverk að aðstoða á matsal og bókasafni.

Allir þessir þættir hafa jákvæð áhrif á nemendur og starfsfólk og bæta þannig skólabraginn.

## Námssvið og námsgreinar

## Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Hlutverk íslenskukennslu, kennslu í íslensku táknmáli og máluppeldis er viðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi nemenda.

Grunnþættir menntunar eru hafðir til hliðsjónar í íslenskukennslunni en þeir eru; Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Nánari útlistun á viðfangsefnum, námsgögnum, kennsluefni og kennsluaðferðum má sjá í kennsluáætlun bekkja í Mentor.

### Talað mál og hlustun

Brýnt er að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi og geta tjáð skoðanir sínar.  Leggja þarf áherslu á að nemendur æfist í að tjá sig og fái leiðbeiningar um framsögn og skýran framburð. Gott vald á munnlegri tjáningu á móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum.  Lögð er áhersla á frásagnir, upplestur og almennar samræður, þar sem hugað er að framburði, leikrænni tjáningu og rökræðum. Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli á gagnrýninn hátt.

Hlustun er stór þáttur í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja

hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla; netmiðla svo sem hljóð-, mynd- og margmiðla. Huga þarf að siðferði í samskiptum og málnotkun.

Það skiptir miklu máli í daglegu lífi hvers einstaklings að geta komið fyrir sig orði og staðið með sér og skoðunum sínum á málefnalegan hátt. Þessi hæfni fellur vel að grunnþáttum menntunar þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og sköpun í öllu námi.

Í Ártúnsskóla er mikil áhersla lögð á framkomu, tjáningu, sköpun og áhorf. Hver bekkur setur upp skemmtun tvisvar á ári fyrir samnemendur og fjölskyldur. Auk þess sér sjötti bekkur um jólaskemmtun/leikrit og sjöundi bekkur sér um menningarvöku að vori.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talað mál:<br>-umræður í heimakrók<br>-frásagnir<br>-hlutverkaleikir<br>-bekkjarbangsi<br>-bekkjarfundir<br>-hópeflisleikir<br><br>Samvera:<br>-framburður<br>-raddbeiting<br>-framkoma<br><br>Lestur:<br>-skýr framburður | Bækur:<br>-Lestrarlandið<br>-Listin að lesa og skrifa<br>-frjálslestrar-bækur<br>- heimalestrar-bækur<br>- hljóðbækur<br>-PALS/paralestur<br><br><br><br>-fræðsluvefir<br>-kvikmyndir<br>-fræðslumyndir | **Að nemandinn geti:**<br>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,<br>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,<br>• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem<br>• hlustað hefur verið á eða lesið,<br>hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,<br>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, | Hraðlestrarpróf<br><br>Umsagnabækur<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Jafningjamat | -sjálfstraust<br>-orðaforði<br>-lestrarhraði<br>-frásagnar gleði<br>skoðanaskipti<br><br>-samvera<br>-sköpunargleði<br>-jákvæð upplifun<br><br>-að nemandi geti hlustað á aðra og beri virðingu fyrir því sem aðrir segja |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| -raddbeiting<br>-líkamsstaða<br>-lesið fyrir leikskólabörn<br><br>-Nemendafélag FUÁ<br>-Umhverfisnefnd<br><br><br>Hlustun/áhorf:<br>-nestissaga<br>-sögur<br><br>Samvera:<br>-áhorfandi<br>-áheyrandi<br><br>-Nemendafélag FUÁ<br>-Umhverfisnefnd | <br><br>-leikþættir<br>-fréttir<br>-ljóð<br>-sögur<br>-söngur<br>-textar<br>-sýningar<br>-söfn<br>-spuni<br>-leikræn tjáning<br>-skuggaleikhús | • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talað mál:<br><br>-frásagnir<br>-leikræn tjáning<br>-bekkjarfundir | Bækur:<br>-Sögusteinn<br>-Óskasteinn<br>-Völusteinn<br>-Flökkuskinna | **Að nemandinn geti:**<br>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,<br>• tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli | Hraðlestrarpróf<br><br>Stöðluð lesskilningspróf<br><br>Stóra upplestrarkeppnin | -sjálfstraust<br>-orðaforði<br>-lestrarhraði<br>-frásagnagleði<br>-skoðanaskipti |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| -hópeflisleikir<br><br>Samvera:<br>-framburður<br>-raddbeiting<br>-framkoma<br><br>Seta í nefndum og fundastjórn:<br>-Nemendafélag FUÁ<br>-Umhverfisnefnd<br><br>Lestur:<br>-skýr framburður<br>-raddbeiting<br>-líkamsstaða<br><br>Hlustun/áhorf:<br>-nestissaga<br>-sögur<br><br>Samvera:<br>-áhorfandi<br>-áheyrandi<br><br>Seta í nefndum og fundastjórn:<br>-Nemendafélag FUÁ<br>-Umhverfis-nefnd | -Töfraskinna<br>-Söguskinna<br>-Orðspor 1 og 2<br>-Rauðkápa<br>-Grænkápa<br>-Blákápa<br><br>-frjálslestrar bækur<br>-heimalestrar bækur<br>- hljóðbækur<br>-PALS/paralestur<br><br>-fræðsluvefir<br>-kvikmyndir<br>-fræðslumyndir<br><br>-leikþættir<br>-fréttir<br>-ljóð<br>-sögur<br>-söngur<br>-textar<br>-sýningar<br>-söfn<br>-spuni<br>-leikræn tjáning<br>-skuggaleikhús | áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,<br>• tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,<br>•hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,<br>•nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,<br>•átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. | | -þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni<br><br>-ýmsar kynningar<br><br>-samvera<br><br>-jólaleikrit<br>-helgileikur<br>-menningarvaka<br><br>-sköpunargleði<br>-jákvæð upplifun<br>-rökræður<br>-gagnrýnin hugsun<br><br>-að nemandi geti hlustað á aðra og beri virðingu fyrir því sem aðrir segja |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kvikmyndir<br>-rýni<br>-túlkun | | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að nemendur lesi skýrt og áheyrilega. Þeir lesa upphátt fyrir kennara, foreldra og hvern annan m.a. með PALS/paralesturs kennsluaðferðinni þar sem þeir leiðrétta hvern annan og/eða hrósa. Nemendur læra fundarsköp á bekkjarfundum og að tjá sig í tímum á gagnrýninn hátt og hlusta á aðra af virðingu. Jafnframt því að læra og greina lykilatriði t.d. í kennslumyndböndum og texta.

Hafa skal hverja kennslustund markvissa með skýrum markmiðum í upphafi eða innlögn hverrar kennslustundar, þannig að nemandinn viti hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Við framgang kennslustundar er markviss endurgjöf.

**Bjargir f/kennara:**

Handbækur kennara á skólasafni t.d. númer 370-372.8, 410, 790, 810-819
Markviss málörvun
Það er leikur að læra
Að mörgu er að hyggja
Litróf kennsluaðferðanna
Skapandi skólastarf
Handbók kennara. Íslenska í 1. og 2. bekk
Handbók kennara. Íslenska í 3. og 4. bekk
Mál og túlkun
Handbók fyrir leiklistarkennslu
Leiklist í kennslu
Listin að spyrja
Orð í belg

Það er gaman að hlusta: - á framandi tónlist
Það er gaman að hlusta: - á kvikmyndatónlist
123skoli.is Talað og hlustað
Upplestrarkeppnin
Kennslu og fræðslumyndbönd
Kvikmyndasýningar

## Lestur og bókmenntir

Góð lestrarfærni er undirstaða framtíðarnáms nemenda og gegnir veigamiklu hlutverki í því að nemendur geti afla sér upplýsinga sem gerir þeim síðar kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Með góðri lestrarfærni er átt við þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda.

Mikilvægt er að hvetja nemendur til að lesa á gagnrýninn hátt, að þau myndi sér skoðun og geti tjáð sig um hin margvíslegustu viðfangsefni. Mikil breyting hefur orðið á kröfum samfélagsins til lestrarfærni nemenda þar sem sá texti sem ber fyrir augu nemenda er fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Þá skal minnt á að margt af því sem nemendur lesa er birt á vefmiðlum, án þess að það sé ritrýnt eða því ritstýrt. Nemendur þurfa því að læra að beita mismunandi aðferðum við lestur og skilning sem er valinn í samræmi við tilgang lestrar.

Bækur og bókmenntir eru einn mikilvægasti þáttur íslensks menningararfs. Með bóklestri finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor annarra. Bókmenntakennsla í skólum getur þannig stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa. Það er mikilvægt að nemandinn geti smám saman valið sér lesefni við hæfi og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Læsisstefnu Ártúnsskóla er ætlað að mynda samfellu í lestrarnámi nemenda skólans alveg frá fyrstu árum leikskóla til loka skólagöngu við 12 ára aldur. Er hún sett fram með rökstuddum markmiðum fyrir hvert skólastig, með mismunandi útfærslum og áherslum út frá þroska og aldri nemenda. Í læsisstefnunni eru eftirfarandi grunnstoðir hafðar að leiðarljósi: orðaforði, lesskilningur, skapandi tjáning og rökræður. Þessar stoðir

skarast á margvíslegan hátt innbyrðis og eiga samhljóm með grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Tilgangur læsisstefnu Ártúnsskóla er að samhæfa kennslu þeirra aðila sem koma að læsi nemenda við skólann. Aðkoma og samstarf alls skólasamfélagsins skiptir máli svo að vel takist til. Samvinna nemenda, foreldra, annara aðstandenda, kennara, skólastjórnenda og skólafagfólks er nauðsynleg til að vel gangi í læsisferlinu.

Skólinn leggur mikla áherslu á að efla orðaforða þar sem undirstaða alls náms grundvallast á fjölbreyttum orðaforða, bæði almennum og sértækum. Mikilvægt er að skóli og heimili taki höndum saman við að skapa það viðhorf að lestur sé áhugavert viðfangsefni sem hægt er að hafa bæði gagn og gaman af. Í Ártúnsskóla er mælst til að börnin lesi upphátt heima á hverjum virkum degi. Skólaumhverfið, skólastofan og skólasafnið þurfa að vera lestrarhvetjandi ásamt jákvæðum skólaanda.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Lestur og bókmenntir**<br>Lestrarnám:<br>-Stafavinna<br>-Tenging stafa og hljóða<br><br>**Orðaforði/málbeiting**<br>Lestur eigin texta<br>Framsögn<br>Paralestur<br>Leitarlestur<br>Nákvæmnislestur<br>Yndislestur<br>Lestrarsprettur | Kennsluaðferð:<br>Hljóðaaðferð<br>LTG<br>Stafasögur<br>Sögustundir<br>Sandleikur og sögugerð<br>Framsögn<br>PALS<br>Leitarlestur<br>Nákvæmnislestur<br><br>Námsefni:<br>Lestrarland<br>Listin að lesa og skrifa<br>Við lesum | **Að nemandinn geti:**<br>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr<br><br>• nýtt góðan orða-forða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi<br><br>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess | Símat kennara<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Skimanir:<br>Boehm<br>Læsi<br>Leið til læsis- eftirfylgni (2.-4.b)<br>Lesmál (2.-3.b) | Færni í lestri<br>Jákvætt viðhorf til lestrar<br>Skapandi vinna tengd lestri<br><br>Aukinn orðaforði<br>Aukin lestrarfærni<br><br>Aukinn almennur og sértækur orðaforði. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Það er leikur að læra<br>Léttlestrarbækur frá Námsgagnastofnun og fleiri aðilum.<br>Lesum saman<br>Lesum meira saman<br>Ritrún 1, 2 og 3<br><br>Lesrún I og II<br>Lesum saman<br>Lesum meira saman<br>Sögusteinn<br>Léttlestrarbækur frá Námsgagnastofnun og fleiri aðilum.<br>Bækur af skólasafni s.s. skáldrit, fræðirit og handbækur ásamt verkefnum<br>Bekkjarsett, t.d.:<br>Kóngar í ríki sínu<br>Lilja í garði list-málarans<br><br>Ljóðsprotar<br>Vísnabókin<br>Ljóðabækur Þórarins Eldjárn<br><br>Lestrartextar við hæfi<br>Texti úr umhverfinu | • valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings<br>• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,<br>• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap<br>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu<br>• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi<br>• lesið úr tákn-myndum og mynd-rænu efni, svo sem einföldum skýringar-myndum, kortum og myndritum<br>• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju<br>• tekið þátt í umræðum og rökræðum. | LH-60 hópskimun (3.b)<br>Orðarún – lesskiln.( 3.-4.b)<br>Samræmd próf (4.b) | Fjölbreyttur lesskilningur.<br>Skapandi tjáning.<br>Aukin hæfni til rökræðu.<br>Aukinn skilningur á afþreyingar- og fræðiefni.<br><br>Eigin sögubók.<br>Eigin ljóðabók.<br>Skapandi vinna tengd lestrar-spretti, sögustund, sandleik.<br>Vinnuhefti við lesbækur. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Textar tengdir áhugasviði<br>Eiginn texti<br><br>Netmiðlar:<br>nams.is<br>123skoli<br>skolavefur.is<br>Vefmiðlar<br>Námsspil<br>Myndrit | | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Afurð og/eða ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Lestur og bókmenntir:**<br><br>**Orðaforði/málbeiting:**<br>Ná merkingu úr texta<br>Lestur eigin texta<br>Textar úr skáldritum og fræðiritum<br>Texti úr umhverfinu<br>Textar tengdir áhugasviði<br>Framsögn<br>Paralestur<br>Leitarlestur<br>Nákvæmnislestur | Kennsluaðferðir:<br>Paralestur<br>Gagnvirkur lestur<br>Hugarkort<br>Leitarlestur<br>Nákvæmnislestur<br>Djúplestur<br>Bókarýni<br>Textarýni<br>Framsögn<br>Heimildavinna | **Að nemandinn geti:**<br>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað<br>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta<br>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,<br>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann | Símat kennara<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Skimanir:<br>LH-40 (5.b)<br>Hraðlestrarpróf<br>Framsagnarpróf | Kynni af menningararfinum<br><br>Nemandinn les sér til gagns og ánægju bókmenntir og annan texta<br><br>Gagnrýnin hugsun<br>Sterkari sjálfsmynd<br>Umburðarlyndi<br><br>Heimildaritgerð |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Yndislestur<br>Lestrarsprettur<br>Segja frá og gera grein fyrir lesefni | Námsefni:<br>Óskasteinn, Völusteinn, Sögusteinn, Flökkuskinna, Töfraskinna, Söguskinna, Orðspor 1 og 2, Blákápa, Rauðkápa,<br>Grænkápa, Óðinn og bræður hans, Lífið í Ásgarði,<br>Æsir á fljúgandi ferð<br>Þjóðsögur: Trunt, trunt og tröllin, Gegnum holt og hæðir, Skinna, Skræða, Skrudda, Flökkuskinna<br>Bækur af skólasafni s.s. skáldrit, fræðirit og handbækur ásamt verkefnum<br>Bekkjarsett, t.d.: Vefurinn hennar Karlottu, Blái hnötturinn, Fólkið í blokkinni, Gauti vinur minn, Benjamín dúfa, Í bóli bjarnar.<br><br>Skólaljóðin<br>Ljóðspor<br><br>Netmiðlar:<br>-gagnvirkt efni | •lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum<br>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmennta-fræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorn, sögusviði og boðskap<br>•beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap<br>• aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga<br>• lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær<br>• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. | Orðarún – lesskiln.( 5.-7.b)<br>Samræmd próf (7.b) | Valbókarritgerð<br>Sögugerð<br>Vinnubækur<br>Eigin ljóðagerð<br><br>Upplestrarkeppni<br>Menningarvaka<br>Föstudagssamvera |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | -internetið<br>-námsspil<br>Tölvuforrit | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa og með skýrum markmiðum þannig að nemandinn viti til hvers er ætlast, hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Bjargir, amboð og sýnishorn eru sýnileg og tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur síðan á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Við námsmat er gengið út frá leiðsagnarmati og könnunum, ásamt endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar, hvatningar og hrósyrða.

**Bjargir f/kennara**
Handbækur kennara á skólasafni t.d. númer 370-372.8, 410, 790, 810-819

Leið til læsis. Handbók
Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara
Ég get lesið
Ljáðu mér eyra
Leggðu við hlustir
Markviss málörvun
Lestrarbókalistar
Fjölgreindir í skólastofunni
Fluglæsi
nams.is
123skoli.is
skolavefurinn.is
Netið
kritin.is

## Ritun

Framtíðarkröfur samfélagsins eru að einstaklingurinn geti skrifað margskonar texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Nauðsynlegt er að hafa gott vald á rituðu máli og getað miðlað efni til annarra. Lestur og ritun eru samofin og því mikilvægt að kenna og þjálfa þessar greinar samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun.

Þjálfun í ritun má greina í tvo meginþætti sem eru samofnir, annars vegar er það textinn sjálfur eins og val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Þarf að hafa ofangreint í huga við þjálfun nemandans við að skrifa bókmenntalegt efni, nytjatexta eða ritgerðir og hugleiðingar sínar. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar, auk þess þurfa nemendur að geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki eins og orðabækur.

Undir ritun falla margskonar skrif svo sem; skapandi ritun, persónuleg ritun, fræðileg ritun og dagbókar skrif. Svo er hægt að skrifa ævintýri, örsögu, þjóðsögu, konungasögu, óbundið ljóð, leikrit, furðufrásögn, gamansögu, glæpasögu ofl. Nemendur þurfa að þjálfa sig í að skrifa út frá mismunandi sjónarhorni eins og 1. persónu sem eru persónuleg skrif, með tilfinningum og eigin skoðunum. Eða 3. persónu skrif sem eru hlutlaus og þar sem staðreyndir og tilvitnanir ráða ríkjum. Nemendur þurfa að læra að byggja upp góða persónusköpun, aðalpersónur og aukapersónur; mynda sér sögusvið og skýran söguþráð; þjálfast í að nota myndhverfingar og persónugervingar og vera frumlegir í skrifum.

Við ritun eru grunnþættir menntunar hafðir í huga; meðal annars með því að skrifa um málefni sem tengjast lýðræði, mannréttindum, jafnrétti, sjálfbærni og heilbrigði. Öll skrif byggjast á læsi og sköpun. Í allri ritunar vinnu er gengið út frá lykilhæfniviðmiðunum; tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og nýtingu miðla. Ætlast er til að nemendur sýni ábyrgð í námi og geti metið eigið nám. Ritun er kjörinn vettvangur til að vinna með lykilhæfniviðmiðin og fá nemendur til að stíga út fyrir þægindarammann og víkka sjóndeildarhringinn.

Í Ártúnsskóla er unnið markvisst í öllum árgöngum að ritunarátaksverkefni sem byggir á kennsluaðferðum „Good to great“ og eru notuð samræmd amboð, ritreglur og límmiðar í mismunandi þyngdarstigum. Markmið eru sett fram með skýrum hætti, svo nemendur vita að hverju þeir stefna.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Ritun:<br>Margskonar textar<br>Frumsaminn texti<br>Mismunandi textagerð<br>Nytjatexti<br>Skapandi ritun<br>Persónuleg ritun<br>Fræðileg ritun<br>Dagbók<br><br>Skrift:<br>Persónuleg rithönd<br><br>Stafsetning:<br>Léttar stafsetningarreglur<br>Stafsetningarþjálfun<br>Tæknileg atriði ritunar | Bækur:<br>Skrift 1, Skrift 2, Skrift 3, Skrift 4<br>Stafsetning ritreglur og æfingar<br>Stafsetningarorðabók<br>Net-orðabækur<br>Orðabækur<br>Námsvefir<br>Ritrún 1., 2. og 3.<br>Lesrún I og II<br>Lestrarlandið vinnubók<br>Listin að lesa og skrifa, vinnubók 1., 2., 3. og 4.<br><br>Kennsluaðferðir í ritun:<br>**10 leiðir að betri skrifum** – A, B eða C<br>**Ritreglur** – samræmdar reglur í ritun til að prenta á límmiða og hafa fremst í ritunarbók 1. -2. þyngdarstig, sjálfsmatsblað | **Að nemandinn geti:**<br>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,<br>• nýtt í ritun þekkingu ágrunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,<br>• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,<br>• beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,<br>• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,<br>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,<br>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. | Leiðsagnarmat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar, hróss og áherslupennar notaðir<br><br>Kannanir<br><br>Próf<br><br>Aston Index | Ritunarbók með margbreytilegum frásögnum<br><br>Sjálfstraust í ritun<br>Sjálfstæði í ritun<br>Sköpun í skrifum<br>Góður frágangur texta<br><br>Að geta beitt einföldum stafsetningarreglum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Amboð** – Amboð í ritun m.a. af 123skoli.is, ritunar beinagrind, brosandi bleikur og gremju grænn, ritunar pýramídinn þrep 1, 2 eða 3<br>**Límmiðar** – samræmdir límmiðar fyrir mat á ritunarverkefnum, 1. til 3. þyngdarstig<br>Kennsluaðferðir í stafsetningu:<br>-sóknarskrift<br>-skrifa eftir réttum texta<br>-þjálfunaræfingar | | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ritun:<br>Margskonar textar<br>Frumsaminn texti<br>Skrifleg tjáning skoðana og hugleiðinga<br>Mismunandi textagerð<br>Bókmenntatexti<br>Nytjatexti<br>Skapandi ritun<br>Persónuleg ritun<br>Fræðileg ritun<br>Dagbók<br>Ritgerðasmíð<br>Gagnrýni<br><br>Skrift:<br>Persónuleg rithönd<br><br>Stafsetning:<br>Stafsetningarreglur<br>Stafsetningarþjálfun<br>Greinamerkjasetning<br>Tæknileg atriði ritunar | Bækur:<br>Skrift 5, Skrift 6, Skrift 7<br>Stafsetning ritreglur og æfingar<br>Stafsetningarorðabók<br>Net-orðabækur<br>Orðabækur<br>Námsvefir<br>Ritum rétt<br>Mál til komið-vinnubók<br>Mál í mótun-vinnubók<br>Mál er miðill-vinnubók<br><br>Kennsluaðferðir í ritun:<br>**10 leiðir að betri skrifum** – B, C eða D<br>**Ritreglur** – samræmdar reglur í ritun til að prenta á límmiða og hafa fremst í ritunarbók 2. – 3. þyngdarstig, sjálfsmatsblað<br>**Amboð** – Amboð í ritun m.a. af 123skoli.is, ritunar beinagrind, brosandi bleikur og gremju grænn, ritunar pýramídinn þrep 3, 4 eða 5<br>**Límmiðar** – samræmdir límmiðar fyrir mat á | **Að nemandinn geti:**<br>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,<br>• valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,<br>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlut deild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,<br>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,<br>• lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun,<br>• skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda,<br>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. | Leiðsagnarmat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar, hróss og áherslupennar notaðir<br><br>Kannanir<br><br>Mat á ritgerð<br><br>Próf | Ritunarbók með margbreytilegum frásögnum<br>Sjálfstraust í ritun<br>Sjálfstæði í ritun<br>Sköpun í skrifum<br>Bókmenntaritgerð<br>Heimildaritgerð<br>Leikþáttur<br>Góður frágangur texta<br><br>Að geta beitt helstu stafsetningarreglum og hafa vald á greinamerkjasetningum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | ritunarverkefnum, 2. til 5. þyngdarstig<br>Kennsluaðferðir í stafsetningu:<br>-þjálfunaræfingar<br>-stafsetningaræfingar | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa  með skýrum markmiðum í upphafi eða innlögn hverrar kennslustundar, þannig að nemandinn viti hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Við framgagn kennslustundar eru bjargir, amboð, „10 leiðir að betri skrifum A, B, C eða D“, sýnishorn sýnileg og tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur síðan á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Við námsmat er gengið út frá leiðsagnarmati og könnunum, ásamt endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar, hvatningar, hróss og áherslupennar notaðir þar sem við á.

**Bjargir f/kennara**

Handbækur kennara á skólasafni t.d. númer 370-372.8, 410, 790, 810-819, 910-949.
Beinagrindur – handbók um ritun (skipulag frásagnar, beinagrindur, rökræður, fræðitexti ofl.)
Ritunarbókin – handbók um ritun (persónulýsing, dæmi um athyglisverðan efnivið, ritunarleikir ofl.)
Finnbjörg – bók um málfræði og stafsetningu (setningafræði, greinamerki ofl.)
….og þau fljúga – hugmyndir að verkefnum í ritun, lestri og tjáningu (unnið af starfshóp í Ártúnsskóla)
Hugfinnur – handbók um bókmenntahugtök (persónusköpun, stílbrögð, smásaga, boðskapur, ris, stíll ofl.)
Heimir – handbók um heimildaritun (ritunarferli, málfar og stíll, höfundaréttur, heimildaskráning ofl.)
Skrifað í skrefum – handbók kennara í ferlisritun
Ævintýragerð barna -http://vefir.nams.is/serkennsla/islenska_1_4_bekkur/pdf_skjol/2_RITUNOGSOGUGERD/g-ritunogaevintyragerd.pdf
Miðbjörg - http://vefir.nams.is/midbjorg/index.html

## Málfræði

Mannleg samskipti byggja á færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála.  Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur að betri málnotendum og efla áhuga þeirra á móðurmálinu. Kynna þarf fyrir nemendum fjölbreytileika tungumála, auka skilning og stuðla að umburðarlyndi þar sem önnur tungumál geta verið móðurmál nemenda. Þegar rætt er um mál og málnotkun er gagnlegt að kunna skil á málfræðihugtökum sem eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnaveitum um mál.

Í öllum árgöngum er lögð áhersla á að efla orðaforða og máltilfinningu.  Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði taki mið af færni nemenda, efli sjálfstraust þeirra og geri þá meðvitaða um eigin færni. Vinna þarf með tungumálið á skapandi hátt og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk athugun á texta og töluðu máli. Virkja þarf sköpunarmátt nemenda í vinnu með eigin texta og í alls kyns leikjum með tungumálið. Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í umfjöllun um bókmenntir og í umræðum um málfar.

Í Ártúnsskóla er lögð áhersla á að efla orðaforða nemenda þannig að þeir verði hæfari til að tjá sig í ræðu og riti og hafi gott vald á íslenskri tungu. Læsi er einn af grunnþáttunum sex í Aðalnámskrá grunnskóla og málfræðiþekking eykur hæfni nemenda til að skilja tungumálið og uppbyggingu þess og beita því rétt.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Málfræði:**<br>Bókstafir<br>Stafróf<br><br>Hljóð<br>-sérhljóðar<br>- samhljóðar<br><br>Orð<br>Orðaforði<br>Setning<br>Málsgrein<br>Samsett orð<br>Árið - mánuðir – vikudagar<br>Andheiti - samheiti<br>Rím<br>Orðaleikir | **Bækur:**<br>Ritrún 1<br>Ritrún 2<br>Ritrún 3<br>Lesrún I og II<br>Skinna, verkefnabók 1 og 2<br><br>Æfingabækur í málfræði af Skólavefnum<br>Málfræðiverkefni af 123skoli.is<br><br>Vefefni á nams.is<br>- Eldgrímur<br>- Málsmiðjan<br>- Orðakistur Krillu | **Að nemandinn geti:**<br>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,<br>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,<br>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,<br>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,<br>• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu, | Kannanir<br><br>Próf<br><br>Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Gátlistar<br><br>Hugarkort | Að hafa betri tök á íslenskri tungu<br><br>Undirbúningur fyrir frekara íslenskunám og/eða önnur tungumál<br><br>Aukin hæfni í að koma frá sér eigin texta í mæltu- og rituðu máli<br><br>Auka:<br>- orðaforða<br>- málvitund<br>- málskilning<br>- orðskilning |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Stafrófsröð<br>Margræðni orða<br>Greinarmerki<br><br>Nafnorð:<br>-sérnöfn<br>-samnöfn<br>-kyn<br>-eintala og fleirtala<br>-greinir<br>-fallbeyging<br><br>Lýsingarorð:<br>-stigbreyting<br>-fallbeyging<br><br>Sagnorð:<br>- nafnháttur<br>-nútíð<br>-þátíð | Amboð í málfræði t.d. af 123skoli.is<br><br>Brosandi bleikur og gremju grænn<br><br>Eigin texti nemenda notaður til að greina málfræðiatriði<br><br>Orðaleikir<br><br>Hugarkort<br><br>Útinám | • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,<br>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,<br>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki,<br>• gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Málfræði:**<br>Nafnorð:<br>-hlutverk og einkenni<br>-sérnöfn | **Bækur:**<br>Málrækt 1<br>Málrækt 2<br>Málrækt 3 | **Að nemandinn geti:**<br>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það, | Kannanir<br><br>Próf | Að hafa betri tök á íslenskri tungu |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| -samnöfn<br>-kyn<br>-eintala og fleirtala<br>-greinir<br>-fallbeyging<br>-stofn<br><br>Lýsingarorð:<br>-hlutverk og einkenni<br>-stigbreyting<br>-fallbeyging<br>-stofn<br><br>Sagnorð:<br>-hlutverk og einkenni<br>-nafnháttur<br>-nútíð<br>-þátíð<br>- stofn<br><br>Fornöfn:<br>-hlutverk og einkenni<br>-fallbeyging<br><br>Óbeygjanleg orð:<br>-hlutverk og einkenni<br><br>Orðflokkagreining<br>Setningafræði<br>Frumlag og umsögn | Skræða, vinnubók 1 og 2<br>Skrudda, vinnubók 1 og 2<br><br>Æfingabækur í málfræði af Skólavefnum<br>Málfræðiverkefni af 123skoli.is<br><br>**Vefefni:**<br>margskonar vefefni á nams.is<br>- Málsmiðjan<br>- Málfræðigreining<br>- Málfarsmolar<br>- Æfum íslensku<br><br>Amboð í málfræði t.d. af 123skoli.is<br><br>Brosandi bleikur og gremju grænn<br><br>Eiginn texti nemenda notaður til að greina málfræðiatriði<br><br>Orðaleikir<br><br>Hugarkort | • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,<br>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,<br>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,<br>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta,<br>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,<br>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,<br>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,<br>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. | Sjálfsmat<br><br>Jafningjamat<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Gátlistar<br><br>Hugarkort | Undirbúningur fyrir frekara íslenskunám og/eða önnur tungumál<br><br>Aukin hæfni í að koma frá sér eigin texta í mæltu- og rituðu máli<br><br>Auka:<br>- orðaforða<br>- málvitund<br>- málskilning<br>- orðskilning |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Orðtök<br>Málshættir<br>Setning<br>Málsgrein<br>Efnisgrein<br>Bein og óbein ræða<br>Greinarmerki<br>Skammstafanir | Útinám | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa  með skýrum markmiðum í upphafi eða innlögn hverrar kennslustundar, þannig að nemandinn viti hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Við framgang kennslustundar eru bjargir, amboð, og sýnishorn sýnileg, tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur síðan á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Við námsmat er gengið út frá leiðsagnarmati og könnunum, ásamt endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

Handbækur kennara á skólasafni t.d. númer 370-372.8, 410
Íslenska 1. og 2. bekkur – Handbók kennara
Íslenska 3. og 4. bekkur – Handbók kennara
Markviss málörvun
Ég get lesið,  eftir Kristínu Arnardóttur
Finnbjörg, eftir Svanhildi K. Sverrisdóttur
Nams.is – krakkasíður og unglingasíður
ordabok.is
Íslenskar orðabækur
Íslensk samheitaorðabók

Íslenskir málshættir og orðtök
Snara.is

### Íslenska sem annað tungumál og táknmál

Sömu markmið gilda fyrir íslensku sem annað tungumál og táknmál; og þau sem eru í íslensku kaflanum.  Leitast er við að nálgast nemandann á eigin forsendum og gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi.

Nánari útlistun á viðfangsefnum, námsgögnum, kennsluefni og kennsluaðferðum má sjá í einstaklingsnámskrá nemenda.

## Erlend tungumál

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður bæði í töluðu og rituðu máli.  Tungumálanám eflir vitsmunaþroska, eykur víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum menningarheimum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu.  Í nútíma þjóðfélagi gegnir enska  lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Gildi góðrar enskukunnáttu er augljós hvort sem er í atvinnulífi, frístundum eða í upplýsinga- og margmiðlunarheiminum.  Danska kemur að gagni í samskiptum norrænna þjóða og eykur menningartengsl þeirra og geymir sameiginlegan menningararf þeirra, þar sem tungumálin eru af sömu rót sprottin.

Nemendur hefja tungumálanám á mismunandi aldri og því eru hæfniviðmiðin sett fram í þremur getustigum í aðalnámskrá. Nemendur í Ártúnsskóla hefja enskunám í þriðja bekk og dönskunám í sjöunda bekk.  Við lok 7. bekkjar hafa nemendur lokið fyrsta og öðru stigi í ensku og fyrsta stigi í dönsku. Þeir nemendur sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð geta lært viðkomandi tungumál í stað dönsku.

Grunnþættir menntunar eru hafðir til hliðsjónar í tungumálakennslu og fléttast inn í allt skólastarf.  Það eru sérstök mannréttindi að hafa vald á fleiru en einu tungumáli. Það auðgar og eflir samskipti og samvinnu, dregur úr fordómum og opnar dyr að óþekktum menningarheimum.  Í kennslu erlendra tungumála leggur skólinn áherslu á  læsi, talað mál og hlustun og eftir því sem ofar dregur eykst vægi lesturs og ritunar.

Mikilvægt er að nemendur lesi sér til fróðleiks, gagns, þroska og skemmtunar, margskonar gerðir af textum til að auka orðaforða sinn og fá tilfinningu fyrir málinu.

**Hæfniviðmið við lok 1. stigs**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Hlustun:**<br>Talað mál Hljóðbækur<br>Upplestur<br>Sönglagatextar<br>Rím og þulur<br>Kvikmyndir<br><br>**Lesskilningur:**<br>Stuttir textar<br>Yndislestur<br>Lestur eigin texta | **Kennsluaðferðir:**<br>Rím og þulur<br>Söngvar<br>Myndasögur<br>Leikir og spil<br>Leikræn tjáning<br>Skapandi málnotkun<br>Kennsluforrit<br><br>**Bækur:**<br>**Danska**<br>Start lesbók og vinnubók<br>Smart lesbók og vinnubók<br>Orðabækur<br>Kvikmyndir og tónlist<br><br>**Enska**<br>Right on<br>Adventure Island of English Words<br>Portfolio:<br>-Speak out | **Hlustun**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,**<br>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,<br>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,<br>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.<br>**Lesskilningur**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,**<br>• skilið megininntak í stuttum | Símat kennara<br>Leiðsagnarmat<br>Sjálfsmat<br>Jafningjamat<br>Kannanir<br>Próf<br>Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss | Jákvætt viðhorf til erlendra tungumála<br>Vinnubækur<br>Glósubækur<br>Færni í lestri<br>Skapandi vinna<br>Aukinn orðaforði<br>Aukin lestrarfærni<br>Lesskilningur<br>Skapandi tjáning<br>Aukinn skilningur á afþreyingar- og fræðiefni |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Samskipti:**<br>Samtalsleikir<br>Einfaldar samræður<br>Beitt málinu í einföldum samskiptum<br><br><br><br><br><br><br><br><br><br>**Frásögn:**<br>Einföld kynning á eigin áhugasviði, sjálfum sér og nánasta umhverfi | -Work out<br>-Build up 1<br>Hickory<br>Enskar málfræðiæfingar A<br>Orðabækur<br>Léttlestrarbækur<br>Þemabækur s.s. A Year of Fun, Into Hobbies, A World of Records…<br>Krossgátur og þrautir<br>Kvikmyndir<br>Tónlist | einföldum frásögnum dagblaða,<br>tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,<br>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,<br>• lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.<br>**Samskipti**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,**<br>• spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,<br>• skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,<br>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar<br>**Frásögn**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í** | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Ritun:**<br>Geti skrifað stuttan einfaldan texta | | **viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,**<br>• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt,<br>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,<br>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.<br>**Ritun**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,**<br>• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,<br>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,<br>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,<br>• samið stuttan texta frá eigin | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi:**<br>Menning tungumálasvæðisins<br>Mismunandi hátíðir<br>Þekktar sögupersónur barnabóka frá tungumálasvæðinu<br><br>**Námshæfni:**<br>Sjálfsmat<br>Notkun orðabóka, veforðasafna og leitarvéla | | brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br>**Menningarlæsi**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,**<br>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða,<br>• sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,<br>• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.<br>**Námshæfni**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,**<br>• beitt einföldum námsað-ferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,<br>• beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,<br>• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,<br>• tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu,<br>hlustað á og tekið<br>tillit til þess sem aðrir hafa að segja,<br>• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar<br>orðabækur , veforðasöfn, leiðréttingarforrit og<br>leitarvélar. | | |

**Hæfniviðmið við lok 2. stigs**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Hlustun:**<br>Talað mál<br>Hljóðbækur<br>Upplestur<br>Lagatextar<br>Rím og þulur<br>kvikmyndir | **Kennsluaðferðir:**<br>Rím og þulur<br>Söngvar<br>Myndasögur<br>Leikir og spil<br>Textarýni<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Samvinna | **Hlustun**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,**<br>• skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti, | Símat kennara<br>Leiðsagnarmat<br>Sjálfsmat<br>Jafningjamat<br>Heimapróf<br>Kannanir<br>Próf | Jákvætt viðhorf til erlendra tungumála og menningarsvæða<br>Vinnubækur<br>Glósubækur<br>Skapandi vinna<br>Aukinn orðaforði<br>Aukin lestrarfærni<br>Færni í lestri |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Lesskilningur:**<br>Stuttir textar<br>Yndislestur<br>Lestur eigin texta<br>Framsögn<br>Að ná merkingu úr texta<br>Paralestur<br>Að segja frá og gera grein fyrir lesefni<br>Textar tengdir áhugasviði<br>Lestur tímarita<br>Lestur netmiðla sér til gagns | Hópavinna<br><br>**Kennslutæki:**<br>**Enska**<br>Portfolio:<br>-Build up 1 og 2<br>-Speak out<br>-Work out<br>Action les- og vinnubækur<br>Dickory<br>Dock<br>Enskar málfræðiæfingar B, C<br>Óreglulegar sagnir<br>Orðabækur<br>Léttlestrarbækur<br>Þemabækur s.s. Amacing Animals, Children of the World...<br>Krossgátur og þrautir<br>Kvikmyndir og tónlist<br>Kennsluforrit | • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt,<br>• hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>**Lesskilningur**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,**<br>• skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,<br>• fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,<br>• lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar | Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss | Aukinn almennur og sértækur orðaforði<br>Fjölbreyttur lesskilningur<br>Skapandi tjáning<br>Aukin hæfni til rökræðu<br>Aukinn skilningur á afþreyingar- og fræðiefni<br>Viðtöl<br>Námsveggir<br>Kynning eða flutningur á eigin efni<br>Geta til að meta sjálfan sig og aðra<br>Geta til að nýta sér orðabækur, veforðasöfn og leitarvélar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Samskipti:**<br>Samræður<br>Frásagnir<br>Beiting málsins í einföldum samskiptum<br><br>**Frásögn:**<br>Sagt frá meginefni kvikmyndar og sönglagatexta<br>Kynning á eigin áhugasviði | | um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.<br>**Samskipti**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði,**<br>• tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,<br>• bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,<br>• notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.<br>**Frásögn**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**tjáð sig um það sem við-kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað** | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Ritun:**<br>Stuttir textar | | **varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval,**<br>• sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,<br>• greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,<br>• flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.<br>**Ritun**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,**<br>• skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda,<br>• sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt, | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi:**<br>Menning tungumálasvæðisins<br><br>**Námshæfni:**<br>Beiting sjálfsmats og jafningjamats<br>Notkun orðabóka, veforðasafna og leitarvéla | | • lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,<br>• samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.<br>**Menningarlæsi**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor,**<br>• sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu,<br>• sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.<br>**Námshæfni**<br>**Að nemandinn geti:**<br>**sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf,** | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | • beitt lykilnámsaðferðum til að<br>auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram,<br>• beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,<br>• nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,<br>• tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,<br>• nýtt sér algengustu hjálpartæki,<br>s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leið-réttingarforrit og leitarvélar. | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa og með skýrum markmiðum þannig að nemandinn viti til hvers er ætlast og hvert lokamarkmiðið er. Kennslustundinni lýkur á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Áhersla er á talað mál og hlustun í tímum. Við námsmat er gengið út frá leiðsagnarmati og könnunum, ásamt endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar og hvatningar.

**Bjargir f/kennara:**

Handbækur kennara á bókasafni t.d. númer 400
Kennarahandbók og kennsluleiðbeiningar við viðeigandi námsbækur
Orðabækur
www.tungumalatorg.is
nams.is
Snara.is
Kennarinn.is
Pinterest.com

## List- og verkgreinar

Í list- og verkgreinum er áhersla lögð á verkkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Listgreinar eru dans, leiklist, sjónlistir og tónmennt. Verkgreinar eru heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt.

Listir og handverk eru samtvinnuð daglegu lífi okkar. Kennsla í þessum greinum getur auðveldað nemendum að átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms eykur líkur á að nemendur geti fundið hæfileikum sínum farveg. Í skapandi starfi og lausnaleit þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat og þjálfast í gagnrýninni umræðu sem gerir þeim kleift að taka þátt í menningarumræðu og hafa áhrif á umhverfi og samfélag. List- og verkgreinar eru vettvangur menntunar til sjálfbærni sem er grunnur að velferð og virkni í mótun samfélagsins.
Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði, virkja og efla ímyndunarafl og sjálfsþekkingu.
Nemendur skulu tileinka sér læsi á menningu, ferla, myndir, heilsu, hreyfingu, líkamstjáningu og tilfinningar annarra, svipbrigði, blæbrigði í tungumáli og tónum, tækni og hið manngerða umhverfi.

Verkfærni og listfengi er því nauðsynleg undirstaða í allri þróun og geta nýst í skapandi starfi. Fjölbreyttar vinnuaðferðir þroska og auka hæfni til að tengja milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar hugsunar og takast á við síbreytilegan heim. Nemendur efla umburðarlyndi og skilning á fjölbreytileika heimsins, með því að skoða ólíka menningarheima út frá sögu þeirra, lýðræði og mannréttindum.

Allir hafa hæfileika til að skapa og manninum er eðlislægt að tjá sig myndrænt í handverki, hreyfingu, leik og tónum. Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast nýjan skilning og reynslu.
Grunnþættir menntunar fléttast inn í list og verkgreinar. Nemendur þurfa að lesa í umhverfi sitt og mismunandi efnivið og geta túlkað það á persónulegan hátt í eigin verkum. Í efnisvali er lögð áhersla á sjálfbærni og ábyrgð gagnvart náttúru, auðlindum og vistsporum. Unnið er með jákvæða sjálfsmynd, jafnrétti og virðingu. Nemendum er leiðbeint um góða líkamsbeitingu, hreinlæti og öryggismál við vinnu. Sköpun er grunnþáttur mennskunnar og kjarninn í hönnun, nýsköpun, listum og menningu. List og verkgreinar eru góður vettvangur til að þroska gagnrýna hugsun, frumkvæði, frumleika og sköpunargleði.
Í Ártúnsskóla eru list- og verkgreinar að hluta til samþættar við aðrar námsgreinar og kenndar í hringekjuformi í aldursblönduðum hópum.

**Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi:**<br><br>Þekking<br><br>Sköpun<br><br>Umhverfis-vitund | Innlögn<br><br>Einstaklingsvinna<br><br>Hópastarf<br><br>Jafningjafræðsla | **Að nemandinn geti:**<br>• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,<br>• hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,<br>• unnið einföld verkefni í hópi,<br>• útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið,<br>• gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans,<br>• fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín, | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,<br>• gengið frá eftir vinnu sína,<br>• lagt mat á eigin verk,<br>- tileinki sér hugtök efnisfræðinnar | | |

**Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi:**<br><br>Þekking<br><br>Sköpun<br><br>Umhverfis-vitund | Innlögn<br><br>Einstaklingsvinna<br><br>Hópastarf<br><br>Jafningjafræðsla | **Að nemandinn geti:**<br>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,<br>• hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,<br>• tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,<br>• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,<br>• beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir,<br>• gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina,<br>• gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans,<br>• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Jólaskemmtun<br><br>Menningarvaka<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | • lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. | | |

## Listgreinar

Í listgreinum þroska nemendur hæfileika sína og getur til að vinna á fjölbreyttan hátt með hugmyndir sínar, losa um hömlur og læra að njóta fegurðar lista.  Listgreinar eru dans, leiklist, sjónlistir og tónmennt.

## Dans

Dans fellur undir sviðslistir eins og leiklist. Megin markmið með danskennslu er að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind nemenda. Með dansinum er hreyfi- og rýmisgreind örvuð og félagsþroski nemenda aukinn. Dans sem er dansaður í félagslegum tilgangi, eins og paradansar, hringdansar og hópdansar, eru hluti af daglegu lífi og menningu þjóðarinnar og hafa þann möguleika að brjóta niður múra milli nemenda. Þannig fléttast grunnþættir menntunar inn í danskennsluna, í formi jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda, heilbrigðis og velferðar, ásamt sköpun. Í Ártúnsskóla er danskennsla kennd í samfelldri lotu á vorönn.

Hæfniviðmið í dansi koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreyttar dansaðferðir<br><br>Hópþátttaka í dansi<br><br>Tjáning | Innlögn<br><br>Sýnikennsla<br><br>Dansæfingar | **Að nemandinn geti:**<br>• hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama,<br>• dansað einföld hreyfimynstur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Hópdans<br><br>Danssýningar<br><br>Tillitsemi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Listræn tjáning<br><br>Einfalt mat á eigin frammistöðu og annarra | Einstaklingsvinna<br><br>Paravinna<br><br>Hópastarf | þjóðdönsum,<br>• tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara,<br>• tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur,<br>• tekið tillit til jafningja í samstarfi,<br>• hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin,<br>• rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun. | Endurgjöf | Samvinna |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreyttar dansaðferðir<br><br>Hópþátttaka í dansi<br><br>Tjáning<br><br>Listræn tjáning<br><br>Að meta eigin frammistöðu og annarra | Innlögn<br><br>Sýnikennsla<br><br>Dansæfingar<br><br>Einstaklingsvinna<br><br>Paravinna<br><br>Hópastarf | **Að nemandinn geti:**<br>• beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju,<br>• dansað grunnspor í paradönsum og einföldum þjóðdönsum,<br>• geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi,<br>• tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisisvenjum í | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf | Hópdans<br><br>Danssýningar<br><br>Tillitsemi<br><br>Samvinna |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | dansi,<br>• unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi,<br>• rætt um dans út frá persónulegri upplifun. | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa. Í upphafi kennslustundar fá nemendur að vita hver verkefnin eru, hvernig eigi að leysa þau, markmið þeirra og tilgang. Dansferlinu lýkur á samantekt, sjálfsmati, jafningjamati og/eða frammistöðumati. Formlegt námsmat er með leiðsagnarmati ásamt endurgjöf í hverju ferli í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

Fræðibækur á bókasafni má finna undir númerinu 790

CD diskar á safni, tonlist.is og youtube.com

## Leiklist

Leiklist og dans falla undir sviðslistir. Í leiklist eru nemendur þjálfaðir í framkomu, tjáningu og að setja sig í spor annarra. Nemandinn lærir að tjá sig, móta hugmyndir sínar og tilfinningar og miðla þeim. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Í Ártúnsskóla er leiklistarkennsla samofin föstudagssamveru, menningarvöku og jólaskemmtun. Þá fá nemendur tækifæri til að beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta, fyrir framan áhorfendur. Leikur og sköpun eru í fyrirrúmi og gerðar eru tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins. Grunnþættir menntunar eins og sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi spila stórt hlutverk í leiklistarferlinu. Gengið er út frá þrískiptri merkingarsköpun námsferilsins; aðföng, sköpun og miðlun. Nemendur hefja ferlið á að afla sér efnis, upplýsinga og hugmynda. Á öðru stigi á sköpunin sér stað, æfa leikrit, taka upp leikið efni og því þriðja er miðlunin sjálf t.d. myndband eða leiksýning fyrir foreldra. Allir nemendur skólans koma fram a.m.k. tvisvar á ári á

föstudagssamveru. Nemendur 6. bekkjar sjá um jólaskemmtun skólans og 7. bekkur um menningarvöku. Auk þessa eru minni uppákomur inn i bekkjum á samskiptadögum.

Hæfniviðmið í leiklist koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreyttar uppákomur<br><br>Hópþátttaka í föstudagssamveru<br><br>Tjáning<br><br>Listræn og leikræn tjáning<br><br>Einfalt mat lagt á eigin frammistöðu og annarra<br><br>Raddbeiting<br><br>Líkamsbeiting<br><br>Líkamsvitund | Leikræn tjáning<br><br>Hreyfing<br><br>Hlustun<br><br>Dans<br><br>Sköpun<br><br>Paravinna<br><br>Hópastarf | **Að nemandinn geti:**<br>• tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi,<br>• sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi,<br>• notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína,<br>• lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur,<br>• sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna,<br>• beitt einföldu formi leiklistar,<br>• sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum,<br>• bent á leikið efni og ólík | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Sýning | Leiksýning á sal<br><br>Sköpunargleði<br><br>Myndbönd<br><br>Hópefli<br><br>Bætt raddbeiting<br><br>Öryggi í framkomu<br><br>Leikþættir á sviði<br><br>Tillitsemi<br><br>Samvinna<br><br>Leikhúsferðir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | hlutverk þess í mismunandi samhengi,<br>• lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreyttar uppákomur<br><br>Hópþátttaka í föstudagssamveru<br><br>Tjáning<br><br>Listræn og leikræn tjáning<br><br>Mat lagt á eigin frammistöðu og annarra<br><br>Raddbeiting<br><br>Líkamsbeiting<br><br>Líkamsvitund | Leikræn tjáning<br><br>Hreyfing<br><br>Hlustun<br><br>Dans<br><br>Sköpun<br><br>Paravinna<br><br>Hópastarf | **Að nemandinn geti:**<br>• nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar,<br>• nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,<br>• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína,<br>• flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,<br>• skapað skýra leikpersónu og | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Sýning | Leiksýning á sal<br><br>Jólaskemmtun<br><br>Menningarvaka<br><br>Sköpunargleði<br><br>Myndbönd<br><br>Hópefli<br><br>Öryggi í framkomu<br><br>Bætt raddbeiting<br><br>Leikþættir á sviði<br><br>Tillitsemi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi raddog líkamsbeitingu,<br>• sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,<br>• beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum),<br>• sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,<br>• rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag. | | Samvinna<br><br>Leikhúsferðir |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að flétta leiklistarþjálfun inn í uppbrotsstarf skólans, eins og föstudagssamveru, jólaskemmtun og menningarvöku. Markmið og verkefni þurfa að vera skýr og  vel skipulögð, en um leið þarf að nýta tækifæri sem koma upp, bregðast við góðum hugmyndum nemenda og leyft þannig sköpunargáfu þeirra að njóta sín.  Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og efnisval sömuleiðis. Leiklistarferlinu lýkur á samantekt, sjálfsmati, jafningjamati og/eða frammistöðumati.  Formlegt námsmat er með leiðsagnarmati ásamt endurgjöf í hverju ferli í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

<u>Bækur:</u>

Bækur á bókasafni skólans: Bækur númer 371,3, 372,66 og frá 700 til 800 í flokkunarkerfi Dewey.

Leiklist í kennslu – Handbók fyrir kennara

Leikur, tjáning, sköpun - Handbók fyrir leiklistarkennslu

Hlutverkaleikur

Vefsíður,

http://vefir.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Vefir fagfélaga, Pinterest, tonlist.is, youtube.com,

## Sjónlistir

Í listgreinum er leitast við að örva sköpunargleði, efnisþekkingu, verkkunnáttu, ímyndunarafl, sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstraust barnanna. Unnið er út frá forsendum nemandans, aldri og þroska og honum veitt tækifæri til að vinna á fjölbreyttan hátt með margvísleg efni og áhöld. Einnig er mikilvægt að nemendur kynnist þeim möguleikum sem listgreinar geta veitt þeim í framtíðinni og skilji að listsköpun hefur mikið gildi í hinu daglega lífi.
Í skólanum er unnið útfrá grunnþáttum menntunar í öllu námi og í sjónlist tengjast þeir á margvíslegan hátt. Mikilvægt er að nemendur verði læsir á umhverfi sitt, verk sín og annarra, og vinni með sjálfbærni í verkum sínum og umhverfi. Unnið er með endurnýtanleg efni sem og efni úr grenndarskógi. Nemendur læra í gegnum listsköpun að tjá tilfinningar sínar, efla sjálfsmynd og öðlist skilning á tilfinningum og verkum annarra. Listsköpun er mikilvægur hlekkur í að skilja umhverfi sitt, framandi menningu, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Í Ártúnsskóla fer nám í listgreinum ekki aðeins fram í kennslustofu heldur er leitast við að samþætta það öðrum greinum í daglegu starfi skólans, sem dæmi í samverum, útikennslu og í hringekjum.

Hæfniviðmið í sjónlistum koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Grunnlitir, einfaldar litablöndur og tónar<br><br>Grunnform<br><br>Tvívíð form<br><br>Áferð efnis<br><br>Hlutföll/stærðir<br><br>Nálægð/fjarlægð<br><br>Hreyfing/kyrrð<br><br>Vönduð vinnubrögð<br><br>Vinna með fjölbreytileika línunnar<br><br>Frágangur verka, efna og áhalda sem unnið hefur verið með<br><br>Merking valinna myndverka | Listaverkabækur, bækur um listamenn og listasögu.<br>(sjá bjargir)<br><br>Innlögn<br><br>Einstaklingsvinna<br>Hópastarf<br><br>Útikennsla<br><br>Safnakennsla<br><br>Rannsóknarvinna | **Að nemandinn geti:**<br>• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,<br>• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,<br>• tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,<br>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,<br>• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,<br>• þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,<br>• fjallað um eigin verk og annarra,<br>• þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,<br>• greint að einhverju leyti á milli | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnumappa<br><br>Sviðsmyndir fyrir uppákomur á sviði<br><br>Ferðir á listasöfn<br><br>Aukin þekking á íslenskum listamönnum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Einfalt mat á eigin verkum og annarra<br><br>Fjölbreyttar aðferðir t.d. teiknun, málun, mótun, klippi-myndir, þrykk<br><br>Íslenskir listamenn, ævi, saga og verk | | mismunandi aðferða við gerð listaverka,<br>• greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,<br>• skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Flóknari litablöndur<br><br>Heitir og kaldir litir<br><br>Þrívíð form<br><br>Áferð efna, þrykk, grafík<br><br>Hlutföll/stærðir<br><br>Nálægð/fjarlægð<br><br>Hreyfing/kyrrð | Listaverkabækur, bækur um listamenn og listasögu.<br>(sjá bjargir)<br><br>Innlögn<br><br>Einstaklingsvinna<br><br>Hópastarf<br><br>Útikennsla<br><br>Safnakennsla | **Að nemandinn geti:**<br>• notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,<br>• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,<br>• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,<br>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk,<br>• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu, | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnumappa<br><br>Sviðmyndir fyrir uppákomur á sviði<br><br>Ferðir á listasöfn<br><br>Þekking á margvíslegum tilgangi listar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vönduð vinnubrögð<br><br>Einfaldar skissur og hugmyndavinna fyrir tví- og þrívíð verk, m.a. með hjálp tölvu<br><br>Frágangur verka, efna og áhalda sem unnið hefur verið með<br><br>Að segja frá og túlka verkefni sín og annarra<br><br>Tilgangi listar<br><br>Íslensk sjónlistahefð, s.s. víkingatímabilið, útskurður, silfursmíði, byggingarlist og útsaumur<br><br>Vestræn myndlist frá endurreisn, með áherslu á nálæg tímaskeið, s.s. expressjónisma, impressjónisma, kúbisma, abstrakt, súrrealisma, konsept o.s.frv. | Rannsóknarvinna | • beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,<br>• fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,<br>• gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð,<br>• greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka,<br>• greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,<br>• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. | | Þekking á íslenskri sjónlistarhefð<br><br>Þekking á nokkrum stefnum vestrænnar myndlistar |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa. Í upphafi kennslustundar fá nemendur að vita hver verkefnin eru, hvernig eigi að leysa þau, markmið þeirra og tilgang. Nemendur fá viðeigandi bjargir, áhöld og efni og sýnishorn ef þess þarf. Kennslustundinni lýkur á samantekt á því námi sem fram fór, frágang á áhöldum og efni.  Í hverjum tíma er veitt endurgjöf í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

Fræðibækur á bókasafni má finna undir númerum 720 - 770

Leirmótun eftir Kristín Ísleifsdóttir

Myndmennt I  og Myndmennt I – kennarahandbók  eftir Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónasdóttir

Myndmennt II  og  Myndmennt II – kennarahandbók eftir Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónasdóttir

Sófus og svínið – Smábók eftir Karl Jóhann Jónsson

Hinar ýmsu listasögu bækur um tímabil eða einstaka listamenn

http://www.namsgagnastofnun.is/pdf/blai_hnotturinn.pdf og bókin Sagan af bláa hnettinum

http://www1.nams.is/myndmennt/

http://www.teachkidsart.net/

http://www.teachingideas.co.uk/art/contents.htm

Pinterest.com

## Tónmennt

Viðfangsefni tónmenntarkennslu er tónlist, í víðum skilningi, og flest sem henni tengist.  Því eru mikil tengsl við aðrar námsgreinar, s.s. móðurmál, erlend tungumál, samfélagsgreinar, náttúrufræði og stærðfræði, auk grunnþátta menntunar.  Unnið er með læsi á táknakerfi tónlistarinnar, texta, blæ, tilfinningar, stíl, menningu og tækni.  Í samræðum um tónlist sem hlustað er á, sem og samsöng og hljómsveitarleik, eru jafnrétti og lýðræðisleg vinnubrögð mikilvæg, og góð radd- og líkamsbeiting tengist heilbrigði og velferð.  Hljóðfæragerð úr náttúruefnum sem sótt eru í nágrenni skólans og grenndarskóg er liður í menntun til sjálfbærni og sköpun er ómissandi hluti allrar vinnu með tónlist.

Allt frá stofnun Ártúnsskóla hefur tónlist verið mikilvægur þáttur í skólastarfinu.  Tónlist er í gangi á sal skólans nær allan daginn og alla föstudaga hittast nemendur og starfsmenn á sal og syngja saman.  Nemendur fá vikulega tíma í tónmennt frá leikskóla upp í 6. bekk en í 7. bekk er kennslan í námskeiðsformi og hluti af undirbúningi menningarvöku.  Vinna við menningarvöku tengist einnig lífsleikni, leiklist, myndlist og grunnþáttum menntunar, en þar vinna nemendur saman að öllum undirbúningi, kynningu, miðasölu og frágangi, og ráðstafa hagnaðinum til góðverka sem tengjast börnum.  Nemendur 6. bekkjar sjá um jólaskemmtun skólans þar sem sýndur er söngleikur og leikrit með tónlist og söng. Hljómsveit skipuð nemendum úr 4.-7. bekk leikur á jólatrésskemmtun.

Hæfniviðmið í tónmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Frumþættir tónlistar: Tónhæð, tónlengd, blær, styrkur, hljómar, túlkun og form. | **Bækur:** ýmsar söng- og nótnabækur (sjá bjargir fyrir kennara) | **Að nemandinn geti:**<br>• þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,<br>• greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat | Sköpunargleði<br><br>Myndbönd |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Raddbeiting<br><br>Líkamsbeiting<br><br>Líkamsvitund<br><br>Taktþjálfun<br><br>Tónheyrn<br><br>Tónsmíðar<br><br>Útsetningar<br><br>Umhverfishljóð<br><br>Hljóðfæri | **Annað efni:**<br>myndbönd<br>hlustunarefni<br><br>**Kennsluaðferðir**:<br>söngur<br>hljóðfæraleikur<br>hreyfing<br>hlustun<br>dans<br>leikræn tjáning<br>sköpun<br>vettvangsferðir<br>útikennsla | samsöng og spuna,<br>• leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri,<br>• tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt,<br>• greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),<br>• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun. | Gátlistar<br><br>Sjálfsmat<br><br>Sýning | Hljóðfæri (eigin smíði)<br><br>Hópefli<br><br>Bætt raddbeiting<br><br>Öryggi í framkomu<br><br>Leikþættir með tónlist í stað orða<br><br>Samvera – dagskrá<br><br>Samvera – söngur |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Frumþættir tónlistar: Tónhæð, tónlengd, blær, styrkur, hljómar, túlkun og form.<br><br>Raddbeiting | **Bækur:**<br>ýmsar söng- og nótnabækur (sjá bjargir fyrir kennara)<br><br>**Annað efni:** | **Að nemandinn geti:**<br>• greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,<br>• beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra, | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat<br><br>Gátlistar<br><br>Sjálfsmat | Sköpunargleði<br><br>Myndbönd<br><br>Hljóðfæri (eigin smíði) |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Líkamsbeiting<br><br>Líkamsvitund<br><br>Taktþjálfun<br><br>Tónheyrn<br><br>Upptökur (hljóð/mynd)<br><br>Tónlistarsaga<br><br>Tónlist og menning ólíkra heimshluta<br><br>Tónsmíðar<br><br>Útsetningar<br><br>Hljóðfæri<br><br>Umhverfishljóð | myndbönd<br>hlustunarefni<br><br>**Kennsluaðferðir**:<br>söngur<br>hljóðfæraleikur<br>hreyfing<br>hlustun<br>dans<br>leikræn tjáning<br>heimildavinna<br>sköpun<br>vettvangsferðir<br>útikennsla | • notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk,<br>• tekið þátt í samspili eða samsöng<br>með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það,<br>• greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana,<br>• greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði<br>og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr,<br>• greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni. | Sýning<br><br>Ritgerð<br><br>Verkmappa | Hópefli<br><br>Öryggi í framkomu<br><br>Bætt raddbeiting<br><br>Leikþættir með tónlist í stað orða<br><br>Samvera – dagskrá<br><br>Samvera – söngur<br><br>Jólaskemmtun<br><br>Menningarvaka<br><br>Tónlistarkynningar<br><br>Jólahljómsveit |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund vel skipulagða og markmið og verkefni skýr, en um leið að geta brugðist við góðum hugmyndum nemenda og leyft þannig sköpunargáfu þeirra að njóta sín.  Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og efnisval sömuleiðis. Kennslustundinni lýkur á samantekt og mati.  Formlegt námsmat er með ýmsu móti ásamt endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

Bækur á bókasafni skólans: Bækur um tónlist eru undir 780 í flokkunarkerfi Dewey. Ljóðabækur eru undir nr 811.

Vefsíður, t.d. vefir fagfélaga, Pinterest, tonlist.is, youtube.com, guitarparty.com, play.riffstation.com,

Fagrit:
Virkir þátttakendur (Robert Faulkner)

Kennsluefni:
Það var lagið
Tónmennt 1-5 (Textabækur, vinnubækur, kennsluleiðbeiningar, hlustunarefni)
Það er gaman að hlusta… - á hermitónlist / - á framandi tónlist / - á kvikmyndatónlist
Hljóðspor (Pétur H.Jónsson)
Tölvur og tónlist
Söngleikir og dansar (3 bækur, Kolfinna Sigurvinsd. og María Einarsd.)
Íslensk dægurlög
Sígild sönglög

Ljóðabækur með nótum:
Ljóðsprotar – söngvar
Fljúga hvítu fiðrildin
Til söngs (Ljóð Jónasar Árnasonar)
Meira til söngs (Ljóð Jónasar Árnasonar)
Vorið kallar (Ljóð Margrétar Jónsdóttur)

Ljóðabækur með söng á geisladiskum:

Fleiri góðar ljóðabækur:

Skólaljóð
Skólasöngvar
Nýir skólasöngvar
Vísnabókin

## Verkgreinar

Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að takast á við umhverfi sitt, þjálfa hæfileika, leita lausna, verða sjálfstæðir í verki og líta eigin verk og annarra gagnrýnum augum. Verkgreinar eru heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt.

## Heimilisfræði

Í heimilisfræði er fjallað um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Hún fæst við að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, matreiðslu, næringarfræði og hreinlæti. Mikilvægt er að heimilisfræðin glæði áhuga nemenda á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum og að þeir verði upplýstir neytendur. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum.

Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar, en leitast er við að samþætta verklega og bóklega þættir námsins. Í Ártúnsskóla er reynt að samþætta heimilisfræðina öðrum námsgreinum og viðburðum eins og kostur er. Samþættingarverkefnin eru tengd heilsueflandi skóla, nærumhverfinu, sjálfbærni og umhverfismennt, Grænfánanum og útikennslu, hringekju, útinámi og lífsleikni.

Lögð er áhersla á að vinna út frá öllum grunnþáttum menntunar og þá helst læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Stefnt er á að nemendur verði læsir á uppskriftir, verklag og hollustu; átti sig á hvað er heilbrigði, næringarfræði og gott fæðuval. Tileinki sér jafnrétti í greininni og fái tækifæri til að sýna frumkvæði til sköpunar við matseld.

Hæfniviðmið í heimilisfræði skiptast í fjóra flokka: Matur og lífshættir; matur og vinnubrögð; matur og umhverfi; matur og menning. Hæfniviðmið í heimilisfræði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Matur og lífshættir:**<br>-fæðuhringurinn<br>-næring og hollusta<br>- hreinlæti<br>- heilsusamlegur lífsstíll<br>- umhverfisvernd<br>- neytendafræði<br><br>**Matur og vinnubrögð:**<br>-einfaldar uppskriftir<br>-einföld mæli og eldhúsáhöld<br>- öryggisatriði<br>- sjálfstæð vinnubrögð<br>- nýting miðla (fróðleikur og uppskriftir)<br><br>**Matur og umhverfi:**<br>-sjálfbærni<br>-neytendafræði | **Bækur:**<br>Gott og gaman<br>Hollt og gott 1<br>Hollt og gott 2<br>Hollt og gott 3<br>Uppskriftarbækur og vefir<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Sýnikennsla<br>Hópavinna<br>Einstaklingsvinna<br>Verkleg og bóklega vinna<br>Uppgötvunarnám<br>Umræður<br>Vettvangsferðir | **Að nemandinn geti:**<br>**Matur og lífshættir**<br>• tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti,<br>• valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,<br>• farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,<br>• tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.<br>**Matur og vinnubrögð**<br>• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir,<br>• farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld,<br>• sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,<br>• nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.<br>**Matur og umhverfi**<br>• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni,<br>• skilið einfaldar umbúðamerkingar. | Símat<br><br>Leiðsagnarmat<br><br>Vinnubók<br><br>Allar afurðir metnar í lok hvers tíma | Þekking á fæðuhring, heilsusamlegum lífsstíl, umhverfisvernd og neytendafræði<br><br>Farið eftir og breytt uppskriftum<br><br>Hópsamvinna<br><br>Kunnátta á helstu öryggisatriðum og geta til að aflað sér upplýsinga um uppskriftir<br><br>Sjálfstæð vinnubrögð<br><br>Skilningur á mikilvægi sjálfbærni og neytendafræði<br><br>Borðsiðir og jákvæð samskipti við borðhald |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Matur og menning:**<br>-borðsiðir<br>-þjóðlegur matur | | **Matur og menning**<br>• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat. | | Þekking á helstu hátíðum Íslendinga og matarsiðum sem þeim fylgja |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Matur og lífshættir:**<br>-fæðuhringurinn<br>-næring – og hollusta<br>- hreinlæti<br>- heilsusamlegur lífsstíll<br>- umhverfisvernd<br>- neytendafræði<br>-næringarefnin<br><br>**Matur og vinnubrögð:**<br>-fjölbreyttar uppskriftir<br>-nýting hráefnis<br>-mælitæki og eldhúsáhöld<br>-öryggisatriði<br>-sjálfstæð vinnubrögð<br>- meðferð matvæla | **Bækur:**<br>Gott og gagnlegt 1.<br>Gott og gagnlegt 1 vinnubók.<br>Gott og gagnlegt 2.<br>Gott og gagnlegt 2 vinnubók.<br>Gott og gagnlegt 3.<br>Gott og gagnlegt 3 vinnubók.<br>Uppskriftabækur og vefir.<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Sýnikennsla.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna<br>Verkleg og bókleg vinna.<br>Uppgötvunarnám<br>Umræður | **Að nemandinn geti:**<br>**Matur og lífshættir**<br>• tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar,<br>• tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar,<br>• farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi,<br>• gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.<br>**Matur og vinnubrögð**<br>• matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best,<br>• unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhús-áhöld, | Símat<br>Sjálfsmat<br>Jafningjamat<br>Leiðsagnarmat<br><br>Verklegt próf í 7. bekk<br><br>Vinnubók<br><br>Frammistöðumat<br>Allar afurðir metnar í lok hvers tíma | Þekking á fæðuhring, næringarefnum, heilsusamlegum lífsstíl, umhverfisvernd og neytendafræði<br><br>Farið eftir og breytt uppskriftum<br><br>Hópsamvinna<br><br>Kunnátta á helstu öryggisatriðum og geta til að aflað sér upplýsinga um uppskriftir<br><br>Sjálfstæð vinnubrögð |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Matur og umhverfi:**<br>-umhverfis- og endurvinnslumerki<br>-vistvernd<br>-sjálfbærni<br>-neytendafræði<br><br>**Matur og menning:**<br>-borðsiðir<br>-matarmenning mismunandi þjóða | Vettvangsferðir | • greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau,<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.<br>**Matur og umhverfi**<br>• tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla,<br>• skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.<br>**Matur og menning**<br>• tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð. | | Skilningur á mikilvægi sjálfbærni, jafnréttis og neytendafræði<br><br>Borðsiðir og jákvæð samskipti við borðhald<br><br>Þekking á helstu hátíðum Íslendinga og matarsiðum sem þeim fylgja og matarmenningu ýmissa þjóða |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvisst skipulagða. Markmið liggja ljóst fyrir og nemendur vita í upphafi hverju er stefnt að í hverri kennslustund og hver afurðin á að vera. Verkefni eru einstaklingsmiðuð. Í öndvegi eru þættir eins og vinnusemi, virkni, vandvirkni, samvinna, sjálfstæði í vinnubrögðum og umgengni.

**Bjargir f/kennara:**

Bækur á bókasafni undir 640 í flokkunarkerfi Dewey.

Matreiðslubók barnanna.

Allar Stóru Disney matreiðslu og kökubækurnar ásamt bókum sem nemendur koma með í skólann.

Uppskriftir frá ýmsum netsíðum og frá nemendum sem þeir koma með að heiman. Uppskriftir fyrir unglingastig (námsgagnastofnun 2009).

http://www.6h.is/

http://www.landlaeknir.is/

http://www.nams.is/

http://gulurraudurgraennogsalt.com/

http://vefbankivalla.weebly.com/index.html

http://www.evalaufeykjaran.com/

http://ljufmeti.com/

http://ljomandi.is/

http://www.alberteldar.com/

## Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði þjálfast nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlast færni í að vinna með fjölbreytt efni og verkfæri, færni sem yfirfæra má á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli þeirra hluta sem hann býr til og átti sig á ferlinu; vandamál-lausn-afurð. Sköpun, læsi og sjálfbærni fléttast á áþreifanlegan hátt saman í hönnun og smíði og nemendur eiga því auðveldara með að skilja hugtökin.

Hæfniviðmið í hönnun og smíði skiptast í þrjá flokka; Handverk, þ.e. verkvit, notkun efna og verkfæra; hönnun og tækni, m.a. skipulagningu og áætlanagerð; og umhverfi, þ.e. tengsl umhverfisvitundar og efnisvals, vinnuvernd og notkun hlífðarbúnaðar.

Hæfniviðmið í hönnun og smíði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Handverk**:<br>Verkfæranotkun<br>Efnisfræði<br>Verkkunnátta<br>Hugtök<br><br>**Hönnun og tækni**:<br>Vinnuteikningar<br>Verkferlar<br>Hugmyndavinna<br>Gagnrýnin hugsun<br>Tjáning<br>Sköpun<br><br>**Umhverfi**:<br>Líkamsbeiting<br>Öryggisatriði | **Bækur:** Vinnulýsingar<br><br>**Innlögn**:<br>Sýnikennsla<br>Bein kennsla<br><br>**Einstaklingsvinna**:<br>Uppgötvunarnám<br>athuganir<br>Verkefnavinna<br>Vinnubók<br>Sköpun<br>Upplýsingatækni<br><br>**Hópastarf:**<br>Vettvangsferðir<br>Útinám<br>Fræðslumyndir<br>Hópverkefni<br>Efniskönnun<br>Safnfræðsla | **Að nemandinn geti:**<br>**Handverk**<br>• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,<br>• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.<br>**Hönnun og tækni**<br>• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,<br>• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, framkvæmt einfaldar samsetningar,<br>• sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur,<br>• bent á ýmis tæknifyrirbrigði er<br>tengjast hans daglega lífi, | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Jafningjafræðsla**:<br>Umræður | • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br>**Umhverfi**<br>• valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,<br>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,<br>• beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Handverk**:<br>Verkfæranotkun<br>Efnisfræði<br>Verkkunnátta<br>Hugtök<br><br>**Hönnun og tækni**:<br>Vinnuteikningar<br>Verkferlar<br>Hugmyndavinna<br>Gagnrýnin hugsun<br>Tjáning<br>Sköpun<br><br>**Umhverfi**: | **Bækur:** Vinnulýsingar<br><br>**Innlögn**:<br>Sýnikennsla<br>Bein kennsla<br><br>**Einstaklingsvinna**:<br>Uppgötvunarnám<br>athuganir<br>Verkefnavinna<br>Vinnubók<br>Sköpun<br>Upplýsingatækni | **Að nemandinn geti:**<br>**Handverk**<br>• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,<br>• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.<br>**Hönnun og tækni**<br>• útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,<br>• lesið einfalda teikningu, smíð-að eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Jólaskemmtun<br><br>Menningarvaka<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Líkamsbeiting<br>Öryggisatriði<br>Efnisval<br>Nýting<br>Umhverfisvitund<br>Endurnýting<br>Flokkun<br>Umgengni og frágangur | **Hópastarf:**<br>Vettvangsferðir<br>Útinám<br>Fræðslumyndir<br>Hópverkefni<br>Efniskönnun<br>Safnfræðsla<br><br>**Jafningjafræðsla**:<br>Umræður | • valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum, hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst<br>því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum,<br>• lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,<br>• greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.<br>**Umhverfi**<br>• gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,<br>• gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,<br>• útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa  þannig að í upphafi hennar viti nemandinn hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Viðeigandi  bjargir, amboð og sýnishorn eru sýnileg og tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Í hverjum tíma er veitt endurgjöf í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara**

Handbækur kennara á skólasafni um smíði t.d. númer 684
Vefsíður, t.d. vefir fagfélaga, Pinterest, nams.is, Skólavefurinn

## Textílmennt

Textílmennt á sér rætur í heimi sögunnar, menningu þjóðarinnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggir á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun, þar sem nemandinn vinnur með efni og áhöld greinarinnar. Ferlið gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og til að þroska samhæfingu hugar og handar, upplifa og tjá sig um leið. Nemendur fá tækifæri til að skapa sér persónulegan stíl og læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Þannig geta þeir hagnýtt þekkingu sína og sett textíl í samhengi við umhverfi sitt, menningu og listir.

Mikilvægt er að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund þar sem unnið er með efni af ólíkum toga og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Hæfniviðmið í textílmennt skiptast í þrjá flokka; Handverk, aðferðir og tækni; Sköpun, hönnun og útfærsla, þ.m.t. skilningur á verkferlum og gildi handverks; og menning og umhverfi.

Hæfniviðmið í textílmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni:**<br>Áhaldanotkun<br>Efnisfræði<br>Verkkunnátta<br>Hugtök<br><br>**Sköpun, hönnun og útfærsla:** | **Bækur:**<br><br>- Fræðslumyndir<br>- Íslenska ullin<br>Tóvinnukassi og fræðslumynd<br>- Hannyrðir fyrir 3.-6. bekk<br>- Á prjónunum | **Að nemandinn geti:**<br>**Handverk…**<br>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,<br>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,<br>• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.<br>**Sköpun…** | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vinnuteikningar<br>Verkferlar<br>Hugmyndavinna<br>Gagnrýnin hugsun<br>Tjáning<br>Sköpun<br><br>**Menning og umhverfi:**<br>Líkamsbeiting<br>Öryggisatriði<br>Efnisval<br>Nýting<br>Umhverfisvitund<br>Endurnýting<br>Flokkun<br>Umgengni og frágangur | -Vélsaumsæfingar<br>- Vinnulýsingar<br>-Vefsíður<br>-Fagrit<br><br>**Innlögn**:<br>Sýnikennsla<br>Bein kennsla<br>Hugarkort<br><br>**Einstaklingsvinna**:<br>athuganir<br>Verkefnavinna<br>Vinnubók<br>Sköpun<br>Upplýsingatækni<br><br>**Hópastarf:**<br>Vettvangsferðir<br>Útinám<br>Fræðslumyndir<br>Hópverkefni<br>Efniskönnun<br>Safnfræðsla<br><br>**Jafningjafræðsla**:<br>Umræður | • tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,<br>• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,<br>• gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,<br>• leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.<br>**Menning…**<br>• sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,<br>• sagt frá nokkrum tegundum textílefna,<br>• fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,<br>• Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni:**<br>Áhaldanotkun<br>Efnisfræði<br>Verkkunnátta<br>Hugtök<br><br>**Sköpun, hönnun og útfærsla:**<br>Vinnuteikningar<br>Verkferlar<br>Hugmyndavinna<br>Gagnrýnin hugsun<br>Tjáning<br>Sköpun<br><br>**Menning og umhverfi:**<br>Líkamsbeiting<br>Öryggisatriði<br>Efnisval<br>Nýting<br>Umhverfisvitund<br>Endurnýting<br>Flokkun<br>Umgengni og frágangur | **Bækur:**<br>- Fræðslumyndir<br>- Íslenska ullin<br>Tóvinnukassi og fræðslumynd<br>- Hannyrðir fyrir 3.-6. bekk<br>- Á prjónunum<br>-Vélsaumsæfingar<br>-Hvernig á að sauma á saumavél<br>- Vinnulýsingar<br>-Vefsíður<br>-Fagrit<br><br>**Innlögn**:<br>Sýnikennsla<br>Bein kennsla<br>Hugarkort<br><br>**Einstaklingsvinna**:<br><br>athuganir<br><br>Verkefnavinna<br><br>Vinnubók<br>Sköpun<br>Upplýsingatækni<br><br>**Hópastarf:** | **Að nemandinn geti:**<br>**Handverk…**<br>• beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,<br>• fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum,<br>• unnið með einföld snið og uppskriftir.<br>**Sköpun…**<br>• þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,<br>• notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,<br>• útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,<br>• nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.<br>**Menning…**<br>• fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni,<br>• gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna,<br>• sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir,<br>• gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum. | Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br><br>Gátlistar | Fullunnið verkefni/hlutur<br><br>Sýningar<br><br>Vinnubók<br><br>Jólaskemmtun<br><br>Menningarvaka<br><br>Samverudagskrá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vettvangsferðir<br><br>Útinám<br><br>Fræðslumyndir<br>Hópverkefni<br><br>Efniskönnun<br>Safnfræðsla<br><br>**Jafningjafræðsla**:<br>Umræður | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund markvissa  þannig að í upphafi hennar viti nemandinn hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Viðeigandi  bjargir, amboð og sýnishorn eru sýnileg og tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Í hverjum tíma er veitt endurgjöf í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara**
Handbækur kennara á skólasafni um textílmennt t.d. númer 646, 745,5 og 746
Vefsíður, t.d. vefir fagfélaga, Pinterest, nams.is, Skólavefurinn

## Náttúrugreinar

Náttúrugreinar í grunnskóla eru náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Nám í náttúrugreinum getur aukið þekkingu og leikni, virðingu og ábyrgð, og haft jákvæð áhrif á viðhorf nemenda til samfélags síns og umhverfis.  Með virkri þátttöku nemenda eykst verkleg færni þeirra, frumkvæði, ábyrgð og félagsfærni.  Þekking nemenda þarf að byggjast á beinum athugunum, upplifun, ímyndunarafli og

sköpun.  Mikilvægt er að þeir læri að veita athygli, afla upplýsinga, vinna úr þeim og miðla, og hvernig þeir geti notað þekkingu sína og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt.  Vísindalæsi felst í því að geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns og notað viðeigandi hugtök. Til að geta tekið afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar þarf að gera sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækninni.  Lýðræðisleg vinnubrögð fela í sér að nemendur fá tækifæri til að taka þátt í mótun umhverfisins og rökræða álitamál.

Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum felast í að gera nemendur læsa á umhverfi sitt; þekki sjálfbærni í náttúru, vistsporum og auðlindum. Unnið er út frá heilsu og velferð í formi útivistar. Sköpunargleði nemenda fær að njóta sín og gagnrýnin hugsun ásamt spennu við uppgötvunar- og lausnarleitarnáms.

Ártúnsskóli er fámennur skóli sem staðsettur er í náttúruperlu í Elliðaárdalnum sem gefur honum sérstöðu varðandi skapandi umhverfi í náttúrugreinum. Stefna skólans tekur mið af þessari sérstöðu þar sem nánasta umhverfi hans er uppspretta náms í náttúrufræði. Útikennsla er samþætt við allt nám í skólanum og er stór þáttur í öllu skólastarfinu þar sem nemendur upplifa umhverfi sitt á áþreifanlegan hátt.  Í skólanum hefur verið unnin heilstæð áætlun um umhverfismennt og útinám. Í útinámi eru unnin ýmis verkefni tengd nærumhverfinu, sjálfbærni, grenndarskóginum, grænfána, umhverfismennt, lesið í skóginn, heilsueflandi skóla og íþróttum. Má þar nefna þrautabrautir í skóginum, ratleiki/ rathlaup, núvitund, verkefnið Heilsuefling og skógurinn, Tónlist skógarins og nýtingu á efnivið til sköpunar og hráefni í matargerð.

Náttúrugreinar eru að hluta kenndar í hringekjuformi, þar sem nemendur vinna á jafnréttisgrundvelli þvert á árganga með lýðræði að leiðarljósi. Hæfniviðmið í náttúrugreinum skiptast í verklag og viðfangsefni.

## Hæfniviðmið um verklag

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Geta til aðgerða**<br>Sjálfbær þróun<br>Samábyrgt þjóðfélag<br>Áhrif mannsins á umhverfið<br>Upplýsingaöflun<br>Umhverfissáttmálinn | **Námsefni:**<br>Komdu og skoðaðu hringrásir<br>Komdu og skoðaðu umhverfið<br>Komdu og skoðaðu tæknina<br>Komdu og skoðaðu landakort<br>Komdu og skoðaðu líkamann | **Geta til aðgerða**<br>**Að nemandinn geti:**<br>• útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,<br>• tekið frumkvæði við öflun | Leiðsagnarmat<br>Vinnubrögð<br>Verklegar æfingar<br>Skýrslur<br>Sjálfsmat | Tilraunir og úrvinnsla<br>Nýting á hráefni úr grenndarskógi og nærumhverfi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Verkþrep: aðföng, sköpun og miðlun efnis<br><br><br><br><br><br><br><br>**Nýsköpun og hagnýting þekkingar**<br>Umhverfisnefnd<br>Moltugerð<br>Einfaldar athuganir og tilraunir<br>Flokka hluti og greina eftir eiginleikum<br><br><br><br>**Gildi og hlutverk vísinda og tækni**<br>Vatn, loft, fæða og búsvæði<br>Orkugjafar<br>Rafmagn<br><br><br><br><br><br><br><br>**Vinnubrögð og færni** | Komdu og skoðaðu bílinn<br>Komdu og skoðaðu hafið<br>Komdu og skoðaðu fjöllin<br>Komdu og skoðaðu eldhúsið<br>Komdu og skoðaðu eldgos<br>Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera<br>Komdu og skoðaðu himingeiminn<br>Komdu og skoðaðu sögu mannkyns<br>Algeng fjörudýr<br>Geitungar á Íslandi<br>Hani, krummi, hundur, svín<br>Könnum kortin 1 og 2<br>Líf og leikur<br>Náttúran allan ársins hring<br>Náttúrustígur í fjörunni<br><br>**Netsíður**:<br>nams.is<br>Skolavefurinn.is<br><br>**Önnur námsgögn:**<br>Plöntukort<br>Myndbönd<br>Greiningarlyklar um smádýr<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Rannsóknir<br>Kennslubækur<br>Tilraunir<br>Sýnikennsla | upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,<br>• sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,<br>• greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.<br>**Nýsköpun og hagnýting þekkingar**<br>**Að nemandinn geti:**<br>• komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,<br>• unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð,<br>• bent á störf sem krefjast sérþekkingar.<br>**Gildi og hlutverk vísinda og tækni**<br>**Að nemandinn geti:**<br>• í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,<br>• notað einföld hugtök úr nátt-úruvísindum í textaskrifum,<br>• útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,<br>• gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana. | Endurgjöf<br>Sýning og afurðir metnar<br>Sjálfstæð vinnubrögð<br>Samvinna<br>Áhugi og virkni<br>Jafningjamat<br>Kannanir | Gagnrýnin hugsun<br>Rökræður<br>Nemendur kynnist styrkleikum, sjálfstæði og frumkvæði.<br>Njóta náttúrunnar<br>Skilningur á samspili manns og náttúru<br>Tilgátur<br>Aukinn áhugi<br>Jákvæð viðhorf<br>Skýrslur<br>Hugtakaskilningur<br>Öguð vinnubrögð<br>Sterkari umhverfisvitund<br>Náttúrulæsi<br>Moltugerð<br>Vinnubækur<br>Umræður<br>Vísindalæsi<br>Samvera<br>Umhverfisnefnd<br>Umhverfissáttmálinn<br>Skóli á grænni grein<br><br>**Vettvangsferðir:**<br>fjöruferð<br>fjallgöngur<br>grenndarskógur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreyttar tilraunir<br>Hugtök í náttúruvísindum<br>Skráning<br>Upplýsingaöflun<br>Mælingar og líkön<br>Athuganir<br>Tjáning<br>Heimildaöflun<br>Rétt meðferð heimilda<br>Rökræður<br><br><br><br><br><br><br><br>**Ábyrgð á umhverfinu**<br>Sjálfbær þróun<br>Samábyrgt þjóðfélag<br>Áhrif mannsins á umhverfið<br>Viðbrögð við náttúruhamförum<br>Umhverfisvernd<br>Orka og orkusparnaður<br>Skóli á grænni grein | Vinnubókarvinna og skýrslugerð<br>Vettvangsferðir<br>Einstaklings-, para- og hópvinna<br>Innlagnir og bein kennsla<br>Heimsóknir fagaðila með fræðslu í skólann<br>Verkleg og bóklega vinna<br>Uppgötvunarnám<br>Umræður og tjáning<br>Aldursblöndun (svæða-/hringekjuvinna)<br>Sköpun<br>Heildstæð verkefni<br>Heimildarvinna<br>Afla upplýsinga á netinu.<br><br><br><br>**Kennslutæki:**<br>Bækur<br>Ýmsir námsvefir og gagnvirkt efni á netinu<br>Áhöld og nauðsynleg tæki til útikennslu<br>Áhöld og búnaður til rannsóknarvinnu og tilrauna<br>Námsspil og leikir | **Vinnubrögð og færni**<br>**Að nemandinn geti:**<br>• sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,<br>• tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,<br>• aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,<br>• skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,<br>• notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,<br>• útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,<br>• hlustað á og rætt hugmyndir annarra.<br>**Ábyrgð á umhverfinu**<br>**Að nemandinn geti:**<br>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,<br>• skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,<br>• nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,<br>• rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,<br>• tekið þátt í að skoða, greina | | Fjölskyldu- og húsdýragarður<br>Sorpa |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | og bæta eigið umhverfi og náttúru. | | |

## Hæfniviðmið um viðfangsefni

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| •Staðalmyndir<br>•Réttsýni<br>•Ábyrgð<br>•Frelsi<br>•Samhygð<br>•Jafnrétti<br>•Lífsviðhorf<br>•Gagnrýnin hugsun<br>•Fyrirmyndir<br>•Tilfinninganæmi<br>•Sköpun<br>•Tjáning<br>•Ígrundun<br>Áhrif fyrirmynda<br>Sjálfsvitund<br>Styrkleikar og veikleikar<br>Heilbrigðir og hollir lífshættir<br>Markmiðasetning | Verkleg vinna<br>Rökræður<br>Umræður<br>Tilgátu framsetning<br>Þrautalausnir<br>Bein kennsla<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám<br>Bekkjarfundir<br><br>**Námsefni:**<br>Hugrún – Sögur og samræðuæfingar<br>Heilbrigði og velferð<br>Jafnrétti<br>Lýðræði og mannréttindi<br>Sköpun<br>Sjálfbærni<br>Ertu?<br>Maðurinn, hugur og heilsa<br><br>Vefsíður:<br>Lions-Quest<br>Barnasattmalinn.is<br>Nams.is | • lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,<br>• áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast,<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,<br>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,<br>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,<br>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,<br>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,<br>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess,<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,<br>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. | Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss | Markmiðasetning<br>Lausnamiðuð vinnubrögð<br>Hópaverkefni<br>Vettvangsferðir<br>Umræður<br>Listsköpun<br>Leiksýningar<br>Heilsuleikar<br>Ræðukeppni<br>Rökræður<br>Nemendafélag<br>Umhverfisnefnd<br>Vinabekkir<br>Skólavinir<br>Helgileikur<br>Jólaleikrit<br>Menningarvaka<br>Samvera<br>Sterkari sjálfsmynd<br>Sjálfsvitund<br>Hæfni til að sjá jákvæðar fyrirmyndir<br>Sjálfsþekking og að geta tekið tillit til annarra<br>Þekking á heilbrigðum lífsháttum<br>Hæfni til að skoða áhrif af jákvæðum og/eða neikvæðum áhrifum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Hæfni til að gagnrýna og taka upplýsta afstöðu |

## Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Félagsheimur:**<br>•Félagsfærni<br>•Jafnrétti<br>•Virðing<br>•Umhyggja og velferð<br>•Sáttfýsi<br>•Vinátta<br>•Tjáning<br>•Sköpun<br>•Leikur- leikreglur<br>Reglur í samskiptum<br>Samræður<br>Rökræður<br>Réttindi og skyldur<br>Barnasáttmálinn<br>Orsök og afleiðing<br>Tillitsemi og umhyggja | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Bein kennsla<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám<br><br>**Námsefni:**<br>Komdu og skoðaðu land og þjóð<br>Trúarbrögðin okkar<br>Kristin fræði Regnboginn | **Að nemandinn geti:**<br>• tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,<br>• áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,<br>• hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir,<br>• rætt um valin samfélagsleg og<br>siðferðileg málefni,<br>• rætt um réttindi sín og skyldur<br>í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,<br>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,<br>• áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum,<br>• sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, | Frammistöðumat<br>Símat kennara<br>Leiðsagnarmat<br>Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss | Bekkjarreglur<br>Verkefni<br>Hópaverkefni<br>Umræður<br>Vettvangsferðir<br>Samvera<br>Virðing fyrir lífsviðhorfum og lífsháttum<br>Hæfni til að taka afstöðu til ólíkra mála<br>Þekking á réttindum sínnum og skyldum<br>Þekking á Barnasáttmálanum<br>Þekking á hugtakinu jafnrétti |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Kristin fræði Stjarnan<br>Kristin fræði Birtan<br><br>**Vefsíður:**<br>Barnasattmalinn.is<br>Nams.is | • áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,<br>• sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur,<br>• sett sig inn í málefni nærsamfélagsins,<br>• sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Félagsheimur:**<br>•Borgaravitund<br>•Umburðarlyndi<br>•Frelsi og ábyrgð<br>•Félagsfærni<br>•Kynheilbrigði<br>•Jafnrétti<br>•Réttlæti<br>•Virðing<br>•Mannréttindi<br>•Umhyggja og velferð<br>•Sáttfýsi<br>•Vinátta<br>•Lýðræði<br>•Samræður<br>•Gagnrýnin hugsun | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Einstaklingsvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökræður<br>Umræður<br>Tilgátu framsetning<br>Þrautalausnir<br>Bein kennsla<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám | **Að nemandinn geti:**<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,<br>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess<br>til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,<br>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,<br>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,<br>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi<br>í samfélaginu, réttindi<br>og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á | Endurgjöf<br>Frammistöðumat<br>Leiðsagnamat<br>Jafningjamat<br>Sjálfsmat<br>Símat kennara<br>Endurgjöf í tímum í formi leiðbeiningar, hvatningar og hróss | Góður skólaandi<br>Góður bekkjarandi<br>Verkefni<br>Hópaverkefni<br>Umræður<br>Listsköpun<br>Leiksýningar<br>Vettvangsferðir<br>Ræðukeppni<br>Nemendafélag<br>Umhverfisnefnd<br>Skólavinir<br>Vinabekkir<br>Menningarvaka<br>Helgileikur<br>Jólaleikrit |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| •Tjáning<br>•Miðlun<br>•Sköpun<br>Reglur í samskiptum<br>Samræður<br>Rökræður<br>Réttindi og skyldur<br>Barnasáttmálinn<br>Orsök og afleiðing<br>Tillitsemi og umhyggja<br>Góð samskipti og samvinna | Útinám<br>Bekkjarfundir<br><br>**Námsefni:**<br>Hugrún – Sögur og samræðuæfingar<br>Heilbrigði og velferð<br>Jafnrétti<br>Lýðræði og mannréttindi<br>Sköpun<br>Sjálfbærni<br>Ertu?<br>Ég, þú og við öll<br>Ég er það sem ég vel<br>Elsku barnið mitt<br><br>**Vefsíður:**<br>Lions-Quest<br>Barnasattmalinn.is<br>Nams.is | réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,<br>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,<br>• nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,<br>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,<br>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,<br>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,<br>• tekið þátt í samfélagsmálum á<br>ábyrgan hátt,<br>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. | | Samvera<br>Virðing fyrir lífsviðhorfum og lífsháttum<br>Samvinnufærni<br>Sjálfstæð vinnubrögð<br>Hæfni til að taka afstöðu til ólíkra mála<br>Þekking á réttindum sínum og skyldum<br>Þekking á Barnasáttmálanum<br>Þekking á hugtakinu jafnrétti<br>Þekking á hugtakinu lýðræði |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að hafa hverja kennslustund/hringekjustund markvissa, með skýrum og sýnilegum markmiðum, þannig að nemandinn viti hver verkefnin eru, hvernig á að leysa þau og hvert lokamarkmiðið er. Við framgang kennslustundar eru bjargir, amboð, sýnishorn sýnileg og tímarammi skýr. Kennslustundinni lýkur síðan á samantekt og mati á því námi sem fram fór. Við námsmat er gengið út frá margvíslegu mati þar með talið leiðsagnamat, jafningjamat, könnunum, lokaverkefnum og endurgjöf í hverjum tíma í formi leiðbeiningar og hvatningar og hróss.

**Bjargir f/kennara:**

Kennarahandbók og kennsluleiðbeiningar við viðeigandi námsbækur

Bækur á bókasafni t.d. númer 000 – 990 ásamt handbókum kennara á bókasafni t.d. númer 000-398, 500-590, 900-990

http://nattura.is/,

http://www.visindavefur.is/

http://www.123skoli.is/

http://www.mms.is/

http://vefir.nams.is/landafraedi/isl_verold_njota_klb.pdf

http://vefir.nams.is/audvitad/Audvitad_inngangur.pdf

http://vefir.nams.is/sogueyjan/index.html

http://www.thjodminjasafn.is/

http://www.sjominjasafn.is/forsida/

http://artmuseum.is/

http://nordichouse.is/

https://www.google.com/maps/d/viewer?mid=zXh2OPQEV4kQ.kRGWL2o2x6NY

http://www.lions-quest.org/

http://www.barnasattmali.is/

http://www.lydheilsa.is/

http://europa.eu/teachers-corner/9_12/index_en.htm

http://continents.mrdonn.org/europe.html

https://www.google.co.uk/maps

http://vefir.nams.is/truarbrogd_mannkyns/index.htm

http://www.visindavefur.is

http://asatru.is/

http://islam.is/

http://vefir.nams.is/snorri/index.htm

## Stærðfræði

Stærðfræði hefur frá örófi alda verið mikilvægur þáttur menningarinnar. Stærðfræðin er alþjóðlegt tungumál sem miðlar upplýsingum og hugmyndum sem hægt er að vinna úr og hefur líka sína eigin fagurfræði. Verkefni stærðfræðinnar er m.a. að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Þannig eru hún ein af leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Tölur og reikniaðgerðir eru notaðar til að eiga í samskiptum, skipuleggja og draga ályktanir. Stærðfræðin hjálpar okkur að lýsa aðstæðum af nákvæmni og útskýra orsakasamhengi og er þannig forsenda læsis og sköpunar. Traust undirstaða í stærðfræði er grundvöllur fyrir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum. Stærðfræðin styður einnig við allar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa óbein áhrif á heilbrigði og velferð og þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Í grunnskóla þarf stærðfræðikennsla að stuðla að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að ná góðum tökum á stærðfræði og hæfni í að setja fram og leysa þrautir. Einnig þurfa nemendur að öðlast hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og tungumál stærðfræðinnar til að ræða og setja fram rök fyrir tilgátum, útreikningum og niðurstöðum. Nemendur þurfa að tileinka sér hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. Nemendur þurfa að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og hafa trú á eigin getu. Þeir þurfa að finna að stærðfræðin sé skynsamleg og nytsamleg í daglegu lífi. Stærðfræðikennslu þarf því að haga þannig að

nemendur fái áhuga á stærðfræði og öðlist tiltrú á eigin hæfni og geti beitt henni við margbreytilegar aðstæður og leyst fjölbreytt verkefni og tengt við verklega þætti og daglegt líf. Aukin tækni og tölvunotkun kallar á breytta stærðfræðiþekkingu fólks. Mikilvægt er að sem flestir geti tekið afstöðu og metið upplýsingar af tölulegum toga og þannig orðið að virkum þátttakendum í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvísi og nægilegt sjálfstraust til að beita stærðfræðinni.

Í Ártúnsskóla er leitast við að tengja stærðfræði við daglegt líf og þá þætti/þemu sem eru í gangi hverju sinni. Útinám er ein af kennsluaðferðunum sem notaðar eru í stærðfræðikennslu skólans. Í útinámi öðlast nemendur dýpri skilning og skemmtilega nálgun á viðfangsefnum stærðfræðinnar. Grenndarskógur er nýttur, nágrenni skólans og vettvangsferðir eins mikið og hægt er.

Í allri vinnu í stærðfræði eru grunnþættir menntunar hafðir í huga; meðal annars með því að gera nemendur læsa á tölur og táknmál stærðfræðinnar, viðhafa skapandi vinnu á lýðræðis- og jafnréttisgrundvelli, örva nemendur til að virkja hugmyndaflugið, gera þá sjálfstæða í vinnubrögðum, fá þá til að virkja styrkleika sína og nýta tækni og tæki nútímans. Í stærðfræði er gengið út frá lykilhæfniviðmiðunum; skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga. Einnig er ætlast til að nemendur sýni ábyrgð í námi og geti metið eigið nám og miðlað niðurstöðum sínum.

Fyrstu þrír flokkar hæfniviðmiða eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og síðustu fjórir snúa að hæfni á afmörkuðum sviðum stærðfræðinnar. Nánari útlistun á viðfangsefnum, námsgögnum, kennsluefni og kennsluaðferðum má sjá í kennsluáætlun bekkja í Mentor.

## Að geta spurt og svarað með stærðfræði

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Rökstuðningur reikningsaðferða | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Paravinna | **Að nemandinn geti:**<br>**tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana** | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat | Kynning á eigin viðfangsefnum í stærðfræði |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli<br><br>Skilningur á fullyrðingum, lýsingum og fyrirmælum<br><br>Einföld reiknirit<br><br>Sönnun einfaldra fullyrðinga<br><br>Beiting og gagnrýni á einföldum röksemdafærslum<br><br>Rökstuðningur og útskýringar niðurstaðna | Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Lausnarleitarnám<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Tilgátu framsetning<br>Þrautalausnir<br>Uppgötvunarnám<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi | **fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.**<br>• tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,<br>• leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir,<br>• sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,<br>• rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra. | Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Aukin gagnrýnin hugsun og ábyrgð nemenda á daglegu lífi |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Rökstuðningur reikningsaðferða | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Paravinna | **Að nemandinn geti:**<br>**tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um** | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat | Kynning á eigin viðfangsefnum í stærðfræði, gagnrýni, |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| og skilningur á mikilvægi röksemda<br><br>Röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli og beiting þeirra<br><br>Skilningur á fullyrðingum, lýsingum og fyrirmælum<br><br>Einföld reiknirit<br><br>Sönnun einfaldra fullyrðinga<br><br>Beiting og gagnrýni á einföldum röksemdafærslum<br><br>Rökstuðningur og útskýringar niðurstaðna<br><br>Munurinn á sennilegri tilgátu og rökstuddri niðurstöðu<br><br>Rökvillur uppgötvaðar og gagntýndar | Samvinnunám<br>Lausnarleitarnám<br>Rökþrautir<br>Verkleg vinna<br>Rökræður<br>Umræður<br>Tilgátu framsetning<br>Þrautalausnir<br>Uppgötvunarnám<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi | **hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldri, formlegri röksemdafærslu, fylgt og metið rökstuðning annarra.**<br>• spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta,<br>• leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu,<br>• sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,<br>• sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum. | Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | rökræður og umræður um efnið<br><br>Aukin gagnrýnin hugsun og ábyrgð nemenda á daglegu lífi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Flokkun hugtaka í yfir- og undirflokka | | | | |

## Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Notkun hugtaka, stærðfræðitákna og verkfæra til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni<br><br>Einföld stærðfræðitákn og tenging þeirra við daglegt mál<br><br>Notkun myndmáls, frásagnar og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar<br><br>Samræður um stærðfræðileg viðfangsefni | **Kennsluaðferðir:**<br>Uppgötvunarnám<br>Samvinna<br>Paravinna<br>Þrautalausnir<br>Verkleg vinna<br>Lausnarleitarnám<br>Umræður<br>Rökræður<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Útinám<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi | **Að nemandinn geti:**<br>**notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni,**<br>•notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra,<br>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,<br>• tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni,<br>• notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Stærðfræðiverkefni sett fram með ólíkum leiðum<br><br>Eigin þraut búin til<br><br>Að geta tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg viðfangsefni og notað þar viðeigandi hugtök og tákn |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rökstuðningur niðurstaðna og túlkun þeirra<br><br>Að búa til eigin þrautir | | | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Notkun hugtaka, stærðfræðitákna og verkfæra til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni<br><br>Notfært og sýnt fram á innbyrðis tengsla óformlegrar framsetningar annars vegar og táknmáls stærðfræðinnar hins vegar<br><br>Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn eins og breytur og einfaldar formúlur | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Samvinna<br>Paravinna<br>Þrautalausnir<br>Verkleg vinna<br>Lausnarleitarnám<br>Umræður<br>Rökræður<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Útinám<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi | **Að nemandinn geti: notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna,**<br>• notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,<br>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls, | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Lítil rannsókn, könnun eða stærðfræðiverkefni sett fram með ólíkum leiðum<br><br>Eigin þraut búin til<br><br>Að geta tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg viðfangsefni og notað þar viðeigandi hugtök og tákn |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Túlkað milli táknmáls stærðfræðinnar og daglegs máls munnleg og skrifleg tjáning um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna<br><br>Rökstuðningur niðurstaðna, túlkun og sönnun<br><br>Að búa til eigin þrautir um viðfangsefni daglegs lífs | | • sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna,<br>• valið og notað hentug verkfæri,<br>þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna<br>á stærðfræðilegum viðfangsefnum. | | |

## Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Rannsóknir, greining, túlkun tilgáta og lausnir á viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi og kynning á niðurstöðum á einfaldan hátt | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Samvinna<br>Paravinna<br>Lausnarleitarnám<br>Þrautalausnir<br>Verkleg vinna<br>Útinám | **Að nemandinn geti:**<br>**unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á einfaldan stærðfræðitexta,** | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Sett fram tilgáta og fundin lausn á stærðfræðiverkefni<br><br><br>Lausnaleiðir þróaðar með hlutbundnum gögnum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þróun fjölbreyttra lausnaleiða með því að nota hlutbundin gögn<br><br>Kannað og rannsakað með tilgátum og tilraunum<br><br>Notkun  stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum í daglegu<br><br>Verðgildi peninga<br><br>Skipulegar aðferðir við lausnir verkefna<br><br>Spurningar og leit að svörum | | • tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar,<br>• kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum,<br>•lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð,<br>• undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,<br>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,<br>• notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,<br>• borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum. | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rannsóknir, greining, túlkun tilgáta og lausnir á viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi og kynning á niðurstöðum á fjölbreyttan hátt<br><br>Þróun fjölbreyttar lausnaleiða með því að nota skráningu með tölum, texta og teikningum<br><br>Rannsóknir, framsetning og rökræður á stærðfræðilegan hátt með því að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni<br><br>Notkun upplýsinga í einföldum texta þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir<br><br>Samvinna við lausn stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum hugmyndum nemenda | **Kennsluaðferðir:**<br>Hópvinna<br>Samvinna<br>Paravinna<br>Lausnarleitarnám<br>Þrautalausnir<br>Verkleg vinna<br>Rökræður<br>Útinám | **Að nemandinn geti:**<br>**unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á stærð-fræðitexta,**<br>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,<br>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,<br>• lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir,<br>• undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,<br>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda,<br>• þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða | Endurgjöf<br><br>Frammistöðumat<br><br>Jafningjamat<br><br>Sjálfsmat | Sett fram tilgáta og fundin lausn á stærðfræðiverkefni með lítil rannsókn eða könnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hugtök um fjármál<br><br>Fjármálalæsi<br><br>Skipulegar aðferðir við lausn verkefna<br><br>Spurningar og tilgátur | | samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn,<br>• áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum. | | |

## Tölur og reikningur

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talnaskilningur<br><br>Reikniaðgerðir:<br>-samlagning<br>-frádráttur<br>-margföldun<br>-deiling<br><br>Tugakerfið sætisgildi einingа, tuga, hundruða og þúsunda | **Bækur:**<br>Sproti 1, 2, 3 og 4; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>Aukabækur:<br>- Í undirdjúpunum: samlagning , frádráttur, margföldun og deiling<br>-Viltu reyna bækurnar<br>-Við stefnum að margföldun<br>-Við stefnum að deilingu | **Að nemandinn geti:**<br>skráð fjölda og reiknað með náttúrlegum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleiðir við útreikninga og skráð svör sín með tugakerfisrithætti,<br>• notað náttúrlegar tölur, raðað<br>þeim og borið saman,<br>• notað tugakerfisrithátt,<br>• reiknað með náttúrlegum<br>tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt,<br>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja | Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn | Góður talnaskilningur<br><br>Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samlagning og frádráttur náttúrulegra talna á blaði, í reiknivél og í huganum<br><br>Tengsl reikniaðgerða<br><br>Margföldunar-<br>töflur upp í 10x10 og notagildi þeirra<br><br>Margföldun sem endurtekin samlagning<br><br>Náttúrulegar tölur<br><br>Sléttar tölur og oddatölur<br><br>Neikvæðar tölur<br><br>Hugarreikningur og námundun<br><br>Andhverfar aðgerðir: samlagning og frádráttur; margföldun og deiling<br><br>Mat lagt á sennilega útkomu | -Tíu til tuttugu<br>-Verkefni fyrir vasareikna, hefti 1 – 4<br><br>Ítarefni:<br>-Eining<br>-Línan<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frá-<br>dráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,<br>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,<br>•gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu líf | Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar<br><br>Niðurstöður einfaldra rannsókna, líkön og skýringamyndir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hlutföll: helmingur, þriðjungur, fjórðungur, fimmtungur, tíundi hluti og hundraðshluti<br><br>Tugabrot með allt að tveimur aukastöfum<br><br>Stærðfræði tengd við daglegt líf og umhverfi | | | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talnaskilningur í víðum skilningi<br><br>Reikniaðgerðir:<br>-samlagning<br>-frádráttur<br>-margföldun<br>-deiling<br><br>Tugakerfið sætisgildi einingа, tuga, hundruða, þúsunda og milljón | **Bækur:**<br>Stika 1, 2 og 3; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>Aukabækur:<br>-Stærðfræði í dagsins önn.<br>-Verkefni fyrir vasareikni hefti 4 og 5.<br>-Viltu reyna bækurnar<br>-Þemahefti stærðfræðinnar<br>-Hringur 1, 2 og 3. | **Að nemandinn geti:** tjáð stærðir og hlutföll, reiknað með ræðum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleiðir við útreikninga, skráð svör sín með tugakerfisrithætti, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna,<br>• notað ræðar tölur, raðað þeim<br>og borið saman,<br>• notað tugakerfisritháttt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,<br>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli | Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn | Góður talnaskilningur<br><br>Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Reikniaðgerðir náttúrulegra talna, almennra brota og tugabrota á blaði, í reiknivél, í tölvum og í huganum<br><br>Tengsl reikniaðgerða, draga ályktanir og sannprófa niðurstöður<br><br>Fullt vald á margföldunar-töflum upp í 10x10 og notagildi þeirra<br><br>Margföldun sem endurtekin samlagning<br><br>Veldi sem endurtekin margföldun<br><br>Deiling sem bæði endurtekin frádráttur og skipting milli talna<br><br>Hlutleysur talna (0,1) í reikniaðgerðum<br><br>Náttúrulegar tölur, frumtölur og ræðar tölur | **Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | almennra brota, tugabrota og prósenta,<br>• reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum,<br>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi,<br>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,<br>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,<br>•nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu. | Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar<br><br>Niðurstöður rannsókna, líkön og skýringamyndir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jákvæðar og neikvæðar tölur<br><br>Hugarreikningur, námundun, rökhugsun og lausnaleitarnám<br><br>Mat lagt á sennilega útkomu<br><br>Hlutföll og prósentur<br><br>Tölur sem ganga upp í annarri og deilanleiki talna<br><br>Minnsti samnefnari<br><br>Stytta brot<br><br>Talning og röðun<br><br>Víxlregla, tengiregla og dreifiregla<br><br>Stærðfræði tengd við daglegt líf og umhverfi | | | | |

## Algebra

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talnamynstur<br><br>Unnið með mynstur, tilgátur og almenna reglu í mynstri<br><br>Kannað, búnar til og túlkaðar reglur í talnamynstri<br><br>Mynstri breytt af einu formi á annað<br><br>Jöfnur og formúlur<br><br>Óþekkt stærð í jöfnu<br><br>Táknmál algebrunnar<br><br>Gildi jafnaðarmerkis í jöfnum við það að sömu stærð er bætt við báðum megin þess | **Bækur:**<br>Sproti 1, 2, 3 og 4; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>Aukabækur:<br>-Í undirdjúpunum: samlagning , frádráttur, margföldun og deiling<br>-Viltu reyna bækurnar<br>-Við stefnum að margföldun<br>-Við stefnum að deilingu<br>-Tíu til tuttugu<br>-Verkefni fyrir vasareikna, hefti 1 – 4<br><br>Ítarefni:<br>-Eining<br>-Línan<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna | **Að nemandinn geti:**<br>kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur,<br>• kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti,<br>• notað táknmál stærðfræð-innar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð,<br>• fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti. | Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar<br><br>Niðurstöður einfaldra rannsókna, líkön og skýringamyndir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tengsl milli þátta/atriða í daglegu lífi | Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | | | |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Talnamynstur<br><br>Unnið með mynstur, tilgátur og almenna reglu í mynstri þar sem breytur eru táknaðar með bókstöfum eða táknum<br><br>Jöfnur og formúlur<br><br>Óþekkt stærð í jöfnu táknuð með bókstaf | **Bækur:**<br>Stika 1, 2 og 3; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>Aukabækur:<br>-Stærðfræði í dagsins önn<br>-Verkefni fyrir vasareikni hefti 4 og 5<br>-Viltu reyna bækurnar<br>-Þemahefti stærðfræðinnar | **Að nemandinn geti:**<br>rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning,<br>• rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar, | Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur | Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Táknmál algebrunnar og undirstöðureglur<br><br>Leysa jöfnu og fara rétt með jafnaðarmerki<br><br>Leysa einfalda jöfnu með einni óþekktri stærð<br><br>Setja upp föll og stæður<br><br>Myndtölur | -Hringur 1, 2 og 3<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum,<br>• fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði. | -gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar<br><br>Niðurstöður rannsókna, líkön og skýringamyndir |

## Rúmfræði og mælingar

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Ummál<br>Flatarmál<br>Rúmmál | **Bækur:**<br>Sproti 1, 2, 3 og 4; a og b | **Að nemandinn geti:**<br>**notað og rannsakað hugtök úr rúm-fræði, unnið með** | Líkön<br><br>Skýringarmyndir | Líkan |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hugtök<br>Tví/þrívíð form<br>Mælikvarðar/lögun<br>Mælingar:<br>-lengd, tími, flötur, rými, þyngd og hitastig<br>Mynstur<br>Speglun<br>Hliðrun<br>Flokkun: stærð og lengd<br>Marghyrningar og hringir<br>Hnit í hnitakerfi<br>Hliðrun<br>Horn: rétt, gleið, hvöss<br>Höfuðáttirnar fjórar | nemendabækur og æfingahefti<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | **rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringar-myndir, áætlað og mælt ólíka mæli-eiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum,**<br>• notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,<br>• gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,<br>• unnið með mælikvarða og lögun,<br>• áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða,<br>• rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,<br>• speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,<br>• borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar. | Niðurstöður rann-sókna<br><br>Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | Notkun stærðfræðilegs tungumáls og röksemda<br><br>Góður talnaskilningur<br><br>Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð- ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Flatarmál<br>Rúmmál<br>Ummál<br>Flatarmyndir: þríhyrningar, rétthyrningar (jafnhliða, jafnarma), ferhyrningar, trapisur, tíglar, hringir (miðja, geisli, þvermál, ummál, geiri)<br>Þrívíð rúmfræði: teningur, réttstendingur, kúla, sívalingur, keila, strýta<br>Mælingar flatamynda og þrívíðra hluta<br>Hornamál mælt í gráðum<br>Horn og hornasumma<br>Hornasumma þríhyrninga<br>Eiginleikar marghyrninga<br>Rúmfræðileg mynstur<br>Samtenging rúmmáls og mælieininga vökva<br>Hnitarúmfræði<br>Talnalína | **Bækur:**<br>Stika 1, 2 og 3; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | **Að nemandinn geti:**<br>**notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur, einslögun og mælikvarða, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða, áætlað og mælt lengd, flöt og rými og nýtt hnitakerfi, hlutbundin gögn og tölvur til þessara hluta,**<br>• notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði<br>• rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn<br>• notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það, | Líkön<br><br>Skýringarmyndir<br><br>Niðurstöður rannsókna<br>Kannanir<br><br>Próf<br><br>Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | Rúðustikubók<br><br>Notkun stærðfræðilegs tungumáls og röksemda<br><br>Líkan<br><br>Góður talnaskilningur<br><br>Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lengdar- og breiddargráða<br>Metrakerfið: mismunandi mælikvarðar<br>Hlutfallsmælikvarði á landabréfum<br>Flutningar: hliðrun, speglun, spegilásar og snúningur<br>Tímaútreikningar: tengsl vegalendar, hraða og tíma | | • áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum,<br>• rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,<br>• notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,<br>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti. | | |

## Tölfræði og líkindi

**Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| **Tölfræði**<br>Upplýsingum safnað, flokkaðar, skráðar og settar fram niðurstöður í töflum eða súluritum<br><br>Lesið úr gögnum, þau túlkuð, líkindi skoðuð og umræður um niðurstöður | **Bækur:**<br>Sproti 1, 2, 3 og 4; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna<br>Samvinnunám | **Að nemandinn geti:**<br>**gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur og gert einfaldar tilraunir með líkur,**<br>• safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið,<br>• talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett | Líkön<br><br>Skýringarmyndir<br><br>Niðurstöður rannsókna<br><br>Kannanir<br><br>Próf | Notkun stærðfræðilegs tungumáls og röksemda<br><br>Líkan<br><br>Talna-skilningur<br><br>Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lesið úr og bornar saman töflur<br><br>Líkindareikningur<br><br>Líkur í daglegu lífi, spil og tilraunir<br>Reikna einfaldar líkur | Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>útinám | upp í einföld myndrit,<br>• tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra,<br>• tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð,<br>• gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum. | Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar |

**Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar**

| Viðfangsefni | Námsefni og kennsluaðferðir | Hæfniviðmið | Námsmat | Markmið -afurð-ávinningur |
|---|---|---|---|---|
| Gögnum safnað og form valið til að flokka þau: töflur, töflureiknir, gagnagrunnur<br><br>Mismunandi aðferðir við að vinna úr tölulegum upplýsingum, lesið úr | **Bækur:**<br>Stika 1, 2 og 3; a og b nemendabækur og æfingahefti<br><br>**Kennsluaðferðir**<br>Bein kennsla<br>Hópvinna<br>Paravinna | **Að nemandinn geti:**<br>**framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum,**<br>• safnað og unnið úr gögnum, | Líkön<br><br>Skýringarmyndir<br><br>Niðurstöður rannsókna<br><br>Kannanir<br><br>Próf | Rúðustikubók<br><br>Notkun stærðfræðilegs tungumáls og röksemda<br><br>Líkan<br><br>Góður talnaskilningur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| gögnum, þau túlkuð og dregnar ályktanir<br><br>Samanburður á töflum<br><br>Tölfræðilegar kannanir<br><br>Súlurit, línurit, skífurit og tíðnitöflur<br><br>Tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal<br><br>Líkur í daglegu lífi<br><br>Greinamunur á fræðilegum líkum og líkum sem leiddar eru af tilraunum<br><br>Líkindareikningur<br><br>Tilviljanir, óvissa, möguleikar<br><br>Miklar eða litlar líkur<br><br>Líkur sem brot milli 0 og 1 | Samvinnunám<br>Verkleg vinna<br>Rökþrautir<br>Rökræður<br>Umræður<br>Þrautalausnir<br>Námsleikir<br>Sköpun<br>Viðfangsefni tengd daglegu lífi<br>Þemanám<br>Útinám | miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum,<br>• gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim,<br>• sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum,<br>• dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur,<br>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum. | Jafningjamat<br><br>Samvinnukannanir<br><br>Sjálfsmat<br><br>Endurgjöf<br>-brosandi bleikur<br>-gremju grænn<br><br>Gátlistar<br><br>Heimapróf<br><br>Samræmt próf | Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð<br><br>Trú á eigin getu, sjálfstraust og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar<br><br>Ýmis fjölbreytt verkefni<br><br>Heildstæð verkefni þar sem nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mat lagt á hvort gögn gefi rangar eða misvísandi upplýsingar | | | | |

**Vinnulag:**

Lögð er áhersla á að kennslustund hefjist með innlögn og nemendur viti til hvers er ætlast af þeim og hvert lokamarkmiðið er. Tímarammi þarf að vera skýr og framgangur kennslustundar miðast við að nemendur kunni að nýta sér þær bjargir/amboð sem hanga uppi í kennslustofunni. Í kennslustundinni eru tússtöflur og nafnapinnar notaðir á skilvirkan hátt. Endurgjöf í formi leiðsagnarmats er veitt jafnóðum með leiðbeiningum, hrósi og hvatningu. Áherslupennar eru notaðir þegar við á. Í lok kennslustundar er samantekt og farið yfir hvað nemendur lærðu í kennslustundinni.

Í Ártúnsskóla er áhersla lögð á að tengja námið við daglegt líf nemenda og nærsamfélag þeirra, þar sem nemendur afla gagna, vinna úr þeim á margvíslegan hátt og túlka niðurstöður. Rík áhersla er lögð á útinám í grenndarskógi og nágrenni skólans.

**Bjargir f/kennara:**

<u>Bækur</u>

Kennarahandbækur og kennsluleiðbeiningar á skólasafni nr. 510 í flokkunarkerfi Dewey

Stærðfræði undir berum himni 1.-4.bekkur

Stærðfræði undir berum himni 5.-7.bekkur

<u>Kennsluforrit og vefsíður</u>

nams.is

Krakkasíður – stærðfræði (nams.is)

rasmus.is

skolavefurinn.is

123skoli.is (amboð og verkefni)

vendikennsla.is

Sproti í Noregi (leitarvefur)

J. Morris vefur (netnam.is - moodle)

Leikir og þrautir í stærðfræði fyrir grunnskólanemendur

Ýmis kennsluforrit yngri bekkja (Glói í stærðfræðiheimi, Bogi blýantur, Doppa og Snót og Snáði)

Kennslutæki yngri bekkja:

Kubbar, Spil, Talnagrind, Smáhlutasafn, Speglar, Málbönd, Vasareiknir, Kennslupeningar, Tölvuforrit, Reiknirit, Talnalína o. fl.

Kennslutæki eldri bekkja:

Spil, Smáhlutasafn, Speglar, Málbönd, Vasareiknir, Tölvuforrit, Reiknirit, Talnalína, Teikningar o. fl.

## Upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Mikilvægt er að nemendur geti greint hvaða upplýsinga er þörf, kunni að leita að upplýsingum og geti lagt gagnrýnið mat á þær, virði höfundarétt og auki þekkingu sína á helstu upplýsingamiðlum. Lögð er áhersla á að nemendur séu ábyrgir fyrir eigin námsframvindu, að þeir sýni hæfni í vinnubrögðum, bæði sjálfstætt og í samvinnu.

